

Ed.

453. Frumvarp til laga

[230. mál]

um stjórn efnahagsmála o. fl.

Frá forsætisráðherra.

I. KAFLI

Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

1. gr.

Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.

Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvisýnu.

2. gr.

Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja til kynningar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

Skýrslan um þjóðhagsáætlun skal lögð fram svo tímanlega, að umræður um hana geti farið fram á sama tíma og um stefnuræðu forsætisráðherra, sbr. 2. mgr. 52. gr. laga nr. 115 19. nóv. 1936 um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 29. maí 1972 um breyting á þeim lögum.

II. KAFLI

Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

3. gr.

Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.

4. gr.

Þátttakendur í samráði samkvæmt 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstjórnarinnar og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstjórnarinnar frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni, að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.
3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt.

III. KAFLI

Um ríkisfjármál.

6. gr.

Frumvarp til fjárlaga skal samið með tilliti til þjóðhagsáætlunar, sem kveðið er á um í 2. gr. þessara laga. Skulu áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpi gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun sbr. 2. gr. og þær spár, sem eru hluti hennar, þar á meðal um breytingar verðlags og launa. Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur endanlegra fjárlaga vera í samræmi við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga.

7. gr.

Með fjárlagafrumvarpi ár hvert skal leggja fram áætlun, er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til.

Með áætlun þessari skal að því stefnt að sýna meðal annars:

1. Meginstefnu í ríkisfjármálum.
2. Dæmi um líklega þróun ríkisbúskaparins.
3. Samræmi heildarstefnu í efnahags- og atvinnumálum og stefnu í ríkisfjármálum.
4. Stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins.
5. Stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila.

8. gr.

Fyrir árslok 1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar, og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert, og í áætlun með fjárlagafrumvarpi næstu þrjú árin eftir lok hvers fjárhagsárs, sbr. 7. gr. Við endurskoðun þessa skal höfð sérstök hliðsjón af stöðu og verkefnum einstakra sjóða, m. a. með tilliti til félagslegra markmiða. Samráð skal haft við hagsmunaaðila.

Endurskoðun þessi skal jafnframt taka til ákvæða í lögum, er kveða á um mörkun einstakra tekjustofna til sjóða og verkefna.

9. gr.

Niðurgreiðsla landbúnaðarafurða úr ríkissjóði skal ekki vera hærri en svo, að útsöluverð hvernar afurðar til neytenda verði lægra en sem svarar verði til framleiðenda sbr. 2. mgr. Þess skal jafnan gætt, að ákvarðanir um niðurgreiðslur miðist við það, að sem minnstar sveiflur verði í þeim.

Marki því, sem sett er fyrir niðurgreiðslur í 1. mgr., skal náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981. Skulu ákvarðanir um niðurgreiðslur teknar til endurskoðunar í því skyni.

10. gr.

Ráðuneyti skulu eigi síðar en 1. apríl 1979 gera tillögur til fjárlaga- og hagsýslustofnunar um lækun ríkisútgjalda á árinu 1979 um 1000 milljónir króna frá þeirri fjárhæð, sem fjárlög kveða á um, sbr. heimild í lið XLIII í 6. gr. fjárlaga fyrir

árið 1979. Skal fjárlaga- og hagsýslustofnun síðan skila samræmdum tillögum um lækkunina til ríkisstjórnarinnar fyrir 15. apríl 1979.

11. gr.

Á árinu 1979 skulu ákvarðanir í ríkisfjármálum við það miðaðar, að heildar- tekjur og útgjöld á fjárlögum haldist innan marka, sem svara til 30% af vergri þjóðarframleiðslu. Svipað markmið skal gilda fyrir árið 1980. Frá þessu skal þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

12. gr.

Ríkisendurskoðun skal fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis.

13. gr.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun skal annast hagsýslustarfsemi fyrir ríkisbúskapinn í því skyni að auka á hagkvæmni og ráðdeild í ríkisbúskapnum og í meðferð opinberra fjármuna.

Meðal þess háttar verkefna fjárlaga- og hagsýslustofnunar skulu vera, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð:

1. Mat á fyrirhuguðum ríkisframkvæmdum með tilliti til arðsemi, kostnaðar, nytja og þjóðfélagslegs gildis. Skal slíkt mat liggja fyrir áður en ákvarðanir um útgjöld eru teknar.
2. Kostnaðarmat á tillögum frumvarpa sem hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð.
3. Athuganir á hagkvæmni í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja í því skyni að bæta rekstur og draga úr útgjöldum.
4. Athuganir á hagræðingu í starfsemi ríkisstofnana og fyrirtækja og í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við ríkið.

Þessi verkefni sín skal fjárlaga- og hagsýslustofnun leysa í samráði við hlutaðeigandi ráðuneyti og fjárveitinganefnd.

IV. KAFLI

Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

14. gr.

Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpi. Áætlunum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Markmið áætlanna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum.

15. gr.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu meðal annars eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Ennfremur skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum. Þá skal greina frá áætlunum um lánamarkaðinn í heild, þar með

áætlun um erlendar lántökur og markmið í peningamálum og þeim tækjum, sem beita skal til þess að þeim verði náð, sbr. ákvæði 28. og 29. gr.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnan fylgja mat á mannaflapörf áætlaðra framkvæmda í heild, og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega.

16. gr.

Með skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal lagt fram frumvarp um heimildir til lántöku innanlands og utan, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki, sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga. Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við.

Skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir skal og fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja.

17. gr.

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skulu einstök ráðuneyti í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun gera tillögur hvert á sínu verksviði um einstakar opinberar framkvæmdir og fjárfestingarframlög til atvinnuvega og framlög til fjárfestingarlánasjóða. Jafnframt skulu þau gera grein fyrir mati sínu á fjárfestingarhorfum og fjármögnunarþörfum atvinnugreina þeirra, sem þau fjalla um. Ríkisstjórnin ákveður nánar til hvaða verksviða tillögur þessar og greinargerðir skulu ná. Tillögur þessar og greinargerðir skulu gerðar um leið og fjárlaga-tillögur ráðuneyta og ákveður ríkisstjórnin skiladag þeirra til fjármálaráðuneytisins.

18. gr.

Til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal á vegum einstakra ráðuneyta og í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins eftir nánari ákvörðun þeirra gera áætlanir um þróun einstakra atvinnugreina og fjárfestingar þeirra, sbr. og II. kafla laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins og V. kafla laga þessara.

19. gr.

Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana skal vera á vegum ríkisstjórnarinnar og skulu Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast nauðsynlega undirbúningsvinnu.

20. gr.

Á árinu 1979 skulu ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum við það miðaðar, að heildarfjármunamyndun þjóðarbúsins verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu. Frá þessu má þó víkja, ef óvæntar og verulegar breytingar verða í þjóðarbúskapnum, og sérstaklega, ef ætla má, að hætta sé á atvinnuleysi.

21. gr.

Fyrir árslok 1979 skal ríkisstjórnin, að höfðu samráði við viðkomandi aðila, setja nýjar reglur um útlán allra fjárfestingarlánasjóða, er sérstaklega miði að því að samræma lánskjör sambærilegra lána, m. a. með tilliti til vaxta, verðtryggingar og lánstíma, sbr. VI. og VII. kafla þessara laga. Einnig skal gæta þess, að lánveitingar sjóðanna taki fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat. Við ákvörðun lánskjara verði kannað,

hvernig best verður fyrir komið tilliti til félagslegra sjónarmiða og þess gagns, sem af fjárfestingu er, án þess að það komi fram í peningalegum arði fjárfestingaraðila.

V. KAFLI

Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

22. gr.

Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.

Við áætlanagerðina skal sérstaklega miða að frekari vinnslu og bættri nýtingu innlendra hráefna og aukinni framleiðni atvinnuveganna og traustum rekstrargrundvelli þeirra. Jafnframt skulu kannaðar hugmyndir og gerðar áætlanir um nýjar atvinnugreinar, er treyst gætu undirstöðu þjóðarbúskaparins. Við undirbúning og skipulagningu áætlana skal leggja áherslu á skynsamlega og hagkvæma ráðstöfun auðlinda og skipuleggja landnýtingu til lengri tíma. Ennfremur skal hafa í huga æskilegt jafnvægi milli einstakra atvinnugreina auk þess sem áætlanir stuðli að skipulegri byggðastefnu og eflingu atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

23. gr.

Nauðsynleg samræming við gerð atvinnuvegaáætlana skal tryggð sameiginlega af ráðherrum viðkomandi atvinnugreina ásamt forsætisráðherra. Jafnframt skulu þessir aðilar sjá til þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana og fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sbr. IV. kafla laganna og áætlunar þeirrar um meginstefnu í ríkisbúskapnum, sem mælt er fyrir um í 7. gr. laganna.

Fela má opinberum stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, vinnu við gerð atvinnuvegaáætlana eftir því, sem við á. Við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri skal leita álits og tryggja samráð við samtök í viðkomandi greinum.

24. gr.

Ríkisstjórnin leggur atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþingi sem þingsályktunartillögur eða lagafrumvörp, eftir því sem við á.

25. gr.

Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

26. gr.

Til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins mun ríkisstjórnin á árinu 1979 útvega sérstaklega 1000 m. kr. að láni. Á árinu 1980 mun ríkisstjórnin beita sér fyrir sérstakri fjáröflun í sama skyni, að upphæð 2000 m. kr.

Setja skal reglur um skipingu þessa fjármagns til atvinnuveganna með tilliti til þess heildarfjármagns, sem til hagræðingarmála er ætlað.

27. gr.

Efla skal skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum og tengja hana fjárfestingaráætlun hvers árs og stefnumarkandi áætlunum fyrir atvinnuvegina.

Framkvæmdastofnun ríkisins skal fylgjast með framkvæmd atvinnuvegaáætlana.

VI. KAFLI

Um peninga- og lánamál.

28. gr.

Seðlabanki Íslands skal sjá um að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í efnahags- og verðlagsmálum eins og það er sett fram í skýrslu ríkisstjórnarinnar um þjóðhagsáætlun skv. 2. gr. þessara laga.

29. gr.

Samin skal í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætla sbr. 14. gr. áætlun til tveggja ára í senn um útlán bankakerfisins og um þróun lánamarkaðarins í heild, þar með taldar erlendar lántökur.

30. gr.

Á árinu 1979 skal að því stefnt, að aukning peningamagns í umferð fari ekki fram úr 25% frá upphafi til loka árs að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Á sama hátt skal að því stefnt að vöxtur peningamagns verði að minnsta kosti 5% hægari á árinu 1980 en á árinu 1979. Frá þessum markmiðum má þó vikja, ef óvæntar breytingar verða á þjóðarþúskapnum t. d. þannig, að atvinnuöryggi sé í hættu eða ef séð er, að forsendur þjóðhagsspar um verðþróun á árinu 1979 standist ekki.

31. gr.

Við 18. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands bætist ný málsgrein á þessa leið:

Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.

32. gr.

Við 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Íslands skal bæta eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir reiknist af verðbættum höfuðstól. Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar. Samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur og skal setja um þetta efni almennar reglur, þar á meðal um heimildir til skuldabréfaskipta af þessu tilefni.

VII. KAFLI

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

33. gr.

Stefna skal að því að verðtryggja sparifé landsmanna og almennasjóða. Í því skyni er heimilt, eins og nánar greinir í þessum kafla, að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við verð-visitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 38. gr.

34. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda um skriflegar skuldbindingar, þar sem skuldari lofar að að greiða peninga, hvort sem um er að ræða lánað fé, endurgjald eða eftirstöðvar endurgjalds fyrir verðmæti, sem hafa verið seld eða afhent.

35. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd ákvæða þessa kafla. Hann veitir heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum.

Reglur um verðtryggingu skulu einkum við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til þriggja mánaða eða lengur, gegn verðrýrnun af völdum verðhækkana.

36. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hvaða reglur skuli gilda um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna að fengnum tillögum Seðlabankans.

37. gr.

Ákvæði þessa kafla taka ekki til þeirra skuldbindinga, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis, að öðru leyti en því, er kveðið er á um í þessari og 38. grein.

Heimilt er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrir eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því, miðað við hærra gengi en gildi, þegar erlenda lánið var greitt.

38. gr.

Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

- 1) að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn;
- 2) að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði í aðalatriðum á í háðum samningum;
- 3) að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961;
- 4) að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
 - a) miðað sé við opinbera skráða verðvísitölu eins og hún er reiknuð á hverjum tíma;
 - b) gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Seðlabankinn skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár samkvæmt 37. gr.

39. gr.

Bönkum og öðrum innlánsstofnunum er heimilt að taka á móti sparifé og öðrum innistæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Heimilt er að ákveða verðtryggingu í því formi, að sérstakur verðbótaháttur vaxta, sem sé tengdur verðlagsbreytingum með formlegum hætti, leggist við höfuðstól láns eða sé hluti forvaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

40. gr.

Ákvæði 39. gr., um verðtryggingarkjör við banka og aðrar innlánsstofnanir, gilda einnig í sambærilegum viðskiptum utan banka og innlánsstofnana á grundvelli auglýsinga Seðlabankans þar um, sbr. 38. og 39. gr.

Önnur verðtryggð viðskipti utan banka og innlánsstofnana fara eftir þeim reglum, sem Seðlabankinn setur, skv. ákvæðum þessa kafla.

41. gr.

Opinberir fjárfestingarlánasjóðir hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána eru ákveðin á þann hátt, sem greinir í 11. gr. laga nr. 13/1975.

Öðrum fjárfestingarlánasjóðum er og heimilt að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu vera í samræmi við reglur samkvæmt 2. mgr. 40. gr.

42. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánnum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með hliðstæðum vaxta- og verðtryggingarkjörum og gilda um íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við Veðdeild Landsbankans á hverjum tíma. Kjör annarra verðtryggðra lána lífeyrissjóða skulu vera í samræmi við reglur er Seðlabankinn setur, sbr. 2. mgr. 40. gr.

43. gr.

Rísi ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar, getur hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Verði gerð breyting á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

44. gr.

Við skráningu veðtryggðra skuldbindinga með ákvæðum um verðtryggingu hjá hlutaðeigandi embættismönnum, er þinglýsingar annast, skal þess gætt, að verðtryggingar sé getið í veðmálaskrá og að þær komi fram á veðbókarvottorðum.

45. gr.

Eftirtalin lagaákvæði um vaxtakjör og verðtryggingarákvæði í lánsamningum skulu halda gildi sínu eftir að þessi lög taka gildi:

Lög nr. 68/1967, 6. gr., um Iðnlánasjóð

Lög nr. 9/1970, 3. liður fylgiskjals um Iðnþróunarsjóð.

Lög nr. 97/1976, 22. gr. um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Lög nr. 44/1976, 16. gr., um Fiskveiðasjóð Íslands.

Lög nr. 60/1976, 3. og 4. mgr. 31. gr., um skipulag ferðamála.

Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.

Lög nr. 59/1964, 2. gr. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965. Hið sama gildir um hliðstæðar yngri heimildir ríkissjóðs til útgáfu og sölu spariskírteina og happdrættislána ríkissjóðs, skv. fjárlögum eða öðrum lögum, sbr. lög nr. 7/1974.

Lög nr. 30/1970, 5. og 10. gr., um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Lög nr. 13/1975, 11. gr., um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga,
verðlagsmál o. fl.
Lög nr. 114/1978 um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961 um Seðlabanka Ís-
lands, sbr. 3. gr. laga nr. 10 13. maí 1964.

46. gr.

Með gildistöku ákvæða þessa kafla falla úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um
verðtryggingu fjárskuldbindinga svo og önnur ákvæði í lögum, sem fara í hága við
ákvæði þessa kafla. Þegar áunnin réttindi og skyldur skv. fyrri lögum skulu þó
halda gildi sínu.

VIII. KAFLI

Um verðbætur á laun.

47. gr.

Greiða skal verðbætur á laun hinn 1. júní 1979 og síðan á þriggja mánaða fresti
miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagnesfnd reiknar (með
tveimur aukastöfum) á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

48. gr.

Verðbótavísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar og hefur grunn-
töluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979.

49. gr.

Við útreikning verðbótavísitölu samkvæmt 48. gr. skal draga frá framfærslu-
vísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af eftirtöldum breytingum milli út-
reikningsdaga verðbótavísitölu:

1. Breytingar búvöruverðs, er leitt hafa af breytingum á vinnulið verðlagsgrund-
vallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Gildir þetta
eins, þótt slík verðhækkun komi ekki fram í útsöluverði, sökum þess að hún
hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu
leyti.
2. Breytingar á sköttum eða gjöldum eða álagning sérstakra skatta í því skyni að
afla fjár til þess að draga úr áhrifum hækkunar olíuverðs á árunum 1979 og
1980 á framfærslukostnað þeirra heimila, sem hita hús sín með olíu, eða til
annarra ráðstafana til þess að milda áhrif hækkunar olíuverðs innanlands. Verði
fé varið úr ríkissjóði umfram áætlun fjárlaga 1979 til þessara þarfa án þess
að skattar eða gjöld séu hækkuð af þeim sökum, eða á lagður sérstakur skattur,
skal einnig draga jafngildi slíkrar fjárveitingar frá hækkun framfærsluvísi-
tölu við útreikning verðbótavísitölu. Kauplagnesfnd skal meta þennan frá-
dráttarlið sérstaklega hverju sinni, í fyrsta sinn við útreikning verðbótavísitölu
frá 1. júní 1979.
3. Breytingar á áfengis- og tóbaksverði.

Leiðréttingar samkvæmt þessari grein eru gerðar sérstaklega hverju sinni og
safnast ekki upp sem sérstakur vísitöluliður.

50. gr.

Rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins á gildistíma þessara laga frá viðskiptakjara-
stigi ársins 1978 þannig, að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal
draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjara-
rýrnuninni nemur. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta frá 1. júní 1979 skal
byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta

ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir viðskiptakjaramat við síðari verðbótaútreikning.

Á sama hátt og í 1. málsgrein segir, skal viðskiptakjarabati koma til hækkunar verðbótavísitölu við verðbótaútreikning. Ekki skal taka tillit til breytinga á viðskiptakjörum samkvæmt þessari grein, nema breytingin nemi 1% eða meira milli útreikningsdaga verðbótavísitölunnar.

51. gr.

Kauplagnesfnnd setur nánari reglur um framkvæmd 47.—50. gr. þessara laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Verðbætur samkvæmt ákvæðum 47.—50. gr. greiðast á grunnkaup sem svo er ákveðið: Greitt kaup í mars 1979, þ. e. grunnlaun, verðbætur og verðbótaauki samkvæmt þágildandi samningum og lögum, telst grunnkaup við upphaf gildistíma þessara laga.

IX. KAFLI

Um vinnumarkaðsmál.

52. gr.

Setja skal á fót sérstaka vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins. Verkefni sín skal vinnumálaskrifstofan leysa í samráði og samvinnu við samtök launafólks og vinnuveitenda, eftir því sem kostur er.

53. gr.

Verkefni vinnumálaskrifstofunnar skal meðal annars vera:

1. Að afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf að vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna.
2. Að beita sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt veita öryrkjum og unglíngum aðstoð við að finna vinnu við hæfi eftir því sem kostur er.
3. Að bæta og samræma upplýsingasöfnun um atvinnuleysi og birta mánaðarlegar skýrslur um skráð atvinnuleysi á landinu öllu.
4. Að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega.
5. Að gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum.

54. gr.

Atvinnurekendum er skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalyðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara ráðgerðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar í rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

55. gr.

Nánar skal kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur.

X. KAFLI

Um verðlagsmál.

56. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal í því skyni að örva verðskyn neytenda, efla verðsamkeppni, og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Í þessu efni skal taka upp samstarf við samtök neytenda og launafólks, m. a. um eftirlit og skýrslugjöf.

57. gr.

Skrifstofa verðlagsstjóra (Verðlagsstofnunin) skal gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum eftir því sem kostur er og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

58. gr.

8. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru, þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu gilda áfram þar til verðlagsráð ákveður annað.

Það skal vera meginregla að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Þó getur verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, heimilað að fella einstaka vöruflokka undan verðlagsákvæðum. Hafi slík heimild verið veitt, getur verðlagsstofnun engu að síður skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Verðlagsráð getur við sérstakar aðstæður einnig ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem um getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun allt að 6 mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

59. gr.

12. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti orðist svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

XI. KAFLI

Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

60. gr.

9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969 með áorðnum breytingum um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Fyrir upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 7. gr. eða verðlækkun samkv. 8. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, svo og af mati á markaðs- og aflahorfum fyrir næstu ár, meðal annars með tilliti til þess, hvornig þær hafi verið metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra ástæðna, svo sem óeðlilegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til

afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmt tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun.

61. gr.

2. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum.

62. gr.

Í 1. málsgrein 4. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins bætist nýr töluliður og málsgrein á eftir 4. tölulið á þessa leið:

5. Við ákvörðun meðalveiðimagns, sem bætur miðast við, er heimilt að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana, sem stjórnvöld ákveða, og til langvarandi aflaleysis á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið, þannig að meðalveiðimagn miðist við aflabrögð, þegar sókn og ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Leita skal álits Hafrannsóknastofnunar um þetta atriði.

Verði ágreiningur um einstök atriði reglugerðarinnar sker sjávarútvegsráðherra úr.

63. gr.

Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.

XII. KAFLI

Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

64. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd I., II., V. og VIII. kafla og almenna framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd VI., VII. og X. kafla.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd IX. kafla.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd XI. kafla.

65. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sem samþykkt var sem lög nr. 103 í lok nóvembermánaðar síðastliðins, var tekið fram, að lagasetningunni væri ætlað að vera liður í þeirri viðleitni að ná fram varanlegum breytingum í efnahagsmálum, sem kæmi til framkvæmda þegar á árinu 1979. Þar sagði meðal annars:

„Ríkisstjórnin er sammála um, að mótun samræmdrar stefnu um aðgerðir á öllum sviðum efnahagsmála, sem ráðið geti úrslitum um verðbólguþróun á næstu misserum, skuli vera algjört forgangsverkefni. Fyrir utan langtímastefnu í verðlags- og launamálum verður að marka samsvarandi stefnu í ríkisfjármálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og skattamálum.“

Í athugasemdum með viðnámslagafrumvarpinu var einnig vikið að þeim megin- aðgerðum, sem ríkisstjórnin hyggðist beita á árinu 1979. Var því lýst, að beita þyrfti viðtæku aðhaldi að breytingum verðlags og launa og að nauðsynlegt væri, að vísitöluviðmiðun launa yrði breytt í því skyni að draga úr víxlhækkun verðlags og kaupgjalds og þar með úr verðbólgu.

Ennfremur var í athugasemdunum lögð áhersla á nauðsyn jafnvægis í ríkisfjármálum og niðurskurðar á rekstrarútgjöldum og tekið fram, að heildarfjárfesting á árinu 1979 skyldi ekki vera meiri en sem næmi 24—25% af vergri þjóðarframleiðslu. Jafnframt var í greinargerðinni lýst yfir aðhaldssamri stefnu í peningamálum, þar sem útlánaþök bankanna og bindiskylda Seðlabankans yrðu ákveðin þannig, að peningamagn í umferð yrði í samræmi við stefnuna í launa- og verðlagsmálum almennt.

Með viðnámslagafrumvarpinu frá nóvembermánuði síðastliðnum var þannig boðuð samræmd heildarstefna í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrir árið 1979 og næstu ár. Á grundvelli þessarar stefnumörkunar lögðu stjórnarflokkarnir á fyrstu vikum þessa árs fram tillögur sínar í efnahagsmálum. Sérstök ráðherranefnd, sem forsætisráðherra skipaði, vann mikið starf að því að samræma tillögur flokkanna. Í febrúarmánuði síðastliðnum lagði forsætisráðherra fram í ríkisstjórn drög að frumvarpi til laga um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuöryggi og draga úr verðbólgu og stuðla að jafnvægi og framförum í þjóðarbúskapnum. Þessi frumvarpsdrög voru samin á grundvelli þeirrar stefnu, sem mörkuð var í greinargerð viðnámslagafrumvarpsins, og þeim tillögum sem ráðherranefndin lagði fram. Jafnframt hafði forsætisráðherra hliðsjón af tillögum formanns vísitölunefndar, en nefndin lauk störfum um miðjan febrúar.

Ríkisstjórnin leitaði umsagnar aðila vinnumarkaðarins um frumvarpsdrögin og á grundvelli þess samráðs og umfjöllunar í ríkisstjórn og stjórnarflokkunum voru gerðar á þeim nokkrar breytingar, einkum að því er varðar ákvörðun verðbóta á laun. Einnig var bætt við sérstökum kafla um þróun atvinnuvega og hagræðingu í atvinnurekstri.

Markmið stefnunnar í efnahagsmálum og þessa frumvarps er að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings. Frumvarpið stefnir jafnframt að því, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum séu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu.

Frumvarpið sem hér er flutt, fjallar um stjórn efnahagsmála og ráðstafanir til þess að tryggja atvinnuöryggi og draga úr verðbólgu og stuðla að jafnvægi og framförum í þjóðarbúskapnum. Áhersla er lögð á eflingu hagstjórnartækja og samræmda og bættu stjórn efnahagsmála, meðal annars með gerð þjóðhagsáætlana, sem tengi saman mat á efnahagshorfum og ákvarðanir um markmið og leiðir í efnahagsmálum.

Með þeim ráðstöfunum, sem frumvarpið kveður á um, er stefnt að því að draga úr verðbólgu án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu. Jafnframt er stefnt að jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar án þess að kaupmáttur launa sé skertur. Hér er því um að ræða samræmdar aðgerðir á flestum sviðum efnahagsmála, sem ekki horfa einungis til næstu mánaða heldur næstu missera og ára. Þótt mikilvægt sé að draga úr verðbólgu verður árangur á því sviði einungis mikils verður, ef jafnframt er tryggð full atvinna. Þetta er meginsjónarmiðið, sem frumvarp þetta er á byggt. Frumvarpið kveður á um róttækar breytingar á stjórn ríkisfjármála og fjárfestingar, á sviði peningamála, launa- og kjaramála og verðlagsmála og stuðlar að aukinni sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Ennfremur er gert ráð fyrir því að endurskoða þá sjálfvirkni, sem færst hefur í aukana á ýmsum sviðum efnahagsmála á undanförunum árum og kann að hafa átt verulegan þátt í aukningu verðbólgunnar og gert skynsamlega stjórn í efnahagsmálum erfiðari en ella.

Veigamikilið atriði þeirrar heildarstefnu, sem mótuð var í greinargerð með viðnámslagafrumvarpinu er að dregið verði að mun úr verðbólgu á þessu ári og hinu næsta. Meginatriði þess frumvarps, sem hér er lagt fram, felst í markvissri tilraun til þess að hamla gegn verðhækkunum á þessu ári og raunar næstu árum með kerfisbreytingum og aðgerðum á mörgum sviðum efnahagsmála.

Í desembermánuði síðastliðnum setti Þjóðhagsstofnun fram spá um þjóðarhag á árinu 1979, og var spáin meðal annars byggð á grundvelli þeirrar verðlags- og launastefnu, sem sett var fram í viðnámslagafrumvarpinu í nóvember. Niðurstaða þessarar spár Þjóðhagsstofnunar var sú, að vöxtur þjóðarframleiðslu yrði 1—1½% á árinu 1979 og vöxtur þjóðartekna yrði svipaður, þar sem þá var gert ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum á þessu ári.

Horfurnar fyrir árið 1979 um aukningu þjóðarframleiðslu og tekna eru nú tví-sýnni en þegar desemberspáin var gerð. Viðskiptakjör hafa snarsnúist til hins verra á síðustu vikum, og veldur þar mestu mikil hækkun oliuverðs umfram það, sem reiknað var með á síðustu mánuðum ársins 1978. Síðustu áætlanir benda til þess, að viðskiptakjör séu um þessar mundir mun lakari en þau voru á árinu 1978 og hefur þó verið tekið tillit til verðhækkunar á frystum fiskflökum á Bandaríkjamarkaði og verðhækkunar á frystum fiskafurðum til Sovétríkjana. Þótt hin stórfellda hækkun oliuverðs kunnist að ganga til baka að einhverju leyti síðar á árinu og viðskiptakjörin gætu skánað, bendir flest til þess, að viðskiptakjörin verði til muna lakari að meðaltali á þessu ári en í fyrra, e. t. v. um 6—7%. Því eru horfur á, að þjóðartekjur muni standa í stað hið mesta og gætu jafnvel dregist saman á þessu ári, þótt framleiðsluaukning verði svipuð og áður var spáð. Brýnt er að tekið verði tillit til þessara atriða við ákvörðun verðbóta á laun þannig að öfugþróun viðskiptakjara valdi ekki hækkun launa. Í frumvarpinu er lagt til, að tekið verði tillit til breytinga á viðskiptakjörum við ákvörðun verðbóta. Þetta andstreymi í ytri skilyrðum þjóðarhúsinu gerir enn hrýnna en áður að traustu jafnvægi sé náð í hagkerfinu og búið í haginn fyrir framfarir, sem byggja á innlendum auðlindum.

Í þjóðhagsspánni í desember var reiknað með 2% aukningu sjávarafla og hefur þeirri spá ekki verið breytt. Hins vegar er ljóst, að til þess að þessi spá gangi eftir, þurfa að verða verulegar breytingar á sókn í hina ýmsu fiskstofna, einkum ef gripið verður til strangari takmarkana á þorskveiðum en var í fyrra eins og boðað hefur verið. Miðað við að þessi aukning sjávarafla náist mætti reikna með 2—3% aukningu á framleiðslu til útflutnings, en á hinn bóginn sýnist líklegt, að útflutningur aukist ekki, vegna þess að útflutningur ársins 1978 var meiri en framleiðslan og birgðir minnkuðu. Um þessa spá getur þó brugðið til beggja vona.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að fjármunamyndun dragist saman um 7% að raungildi frá fyrra ári. Í þessari áætlun er reiknað með að á þessu ári verði rösklega 182 milljörðum króna varið til fjárfestingar. Er það innan við fjórðung af áætlaðri þjóðarframleiðslu ársins og því innan þeirra marka, sem að er stefnt með frumvarpi þessu. Þessi spá felur í sér 11% samdrátt í fjárfestingu atvinnuveganna, sem skýrist fyrst og fremst af því, að

fiskiskipainnflutningur minnkar mikið og framkvæmdir við járnblendiverksmiðju verða aðeins helmingur þess, sem var 1978. Þótt spáð sé samdrætti í fjárfestingu, fellur hann að svo miklu leyti á innflutning, einkum skipainnflutning, að minna dregur úr byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð innanlands. Bygging íbúðarhúsa er þannig talin munu verða svipuð á þessu ári og í fyrra. Ennfremur er í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni gert ráð fyrir um 5% samdrætti í framkvæmdum hins opinbera. Þó er gert ráð fyrir verulegum umsvifum á ýmsum sviðum framkvæmda, sem til framfara horfa, til dæmis á sviði orkumála og samgangna.

Í fjárfestingaráætlun þessari er reiknað með 34% hækkun byggingarvísitölu milli 1978 og 1979. Í ljósi þeirrar miklu verðhækkunar á oliuvörum, sem orðið hefur að undanfögnu og þeirrar launastefnu sem m. a. er fylgt í þessu frumvarpi má hins vegar búast við að verðhækkunin verði meiri en áður var reiknað með og gæti þetta orkað að nokkru leyti til rýrnunar á raungildi framkvæmdafjár og þar með ívið meiri samdráttar í fjárfestingu eða e. t. v. um 7—7½%. Í frumvarpinu eru hins vegar settir fyrirvarar þess efnis, að jafnan skuli horft til þess, að ráðstafanir þær, sem í því felast, stefni atvinnuöryggi ekki í hættu.

Forsendur desemberspárinna um þróun kauptaxta voru þær, að hækkun kauptaxta færi ekki fram úr 5% á þriggja mánaða fresti. Við endurskoðun áætlunar um breytingar verðlags og verðbótageiðslna á laun hefur bæði verið tekið mið af hinni stórfelldu hækkun oliuverðs, sem nú er fram komin, og ákvæðum þessa frv. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að rýrnun viðskiptakjara á árinu valdi ekki verðbótahækkun launa. Er talið, að áhrif oliuverðhækkunarinnar einnar gætu leitt til að viðskiptakjör versni um 7—8% á þessu ári m. v. 1978, en sé reiknað með nokkurri hækkun útflutningsverðs umfram verð á öðrum innflutningi en olíu, yrði viðskiptakjararýrnunin nokkru minni en sem nemur áhrifum oliuverðhækkunarinnar, eða 6—7% milli 1978 og 1979. Viðskiptakjarafrádráttur frá hækkun verðbóta mun hafa áhrif á verðbótageiðslur í júní og yrðu þær af þeim sökum 2½—3% minni en ella, en ekki er gert ráð fyrir frekari viðskiptakjaraáhrifum síðar á árinu. Í frv. þessu eru einnig gerðar tillögur um að þær ráðstafanir, sem gerðar kynnu að verða til að jafna þann aðstöðumun, sem oliuverðhækkunin veldur, skuli ekki valda launahækkun. Hins vegar eru ekki settar heinar skorður við verðbótahækkun á árinu. Í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa á þjóðarhag að undanfögnu telur ríkisstjórnin óráðlegt að hækka grunnlaun á árinu 1979 og hyggst beita sér fyrir því í samkomulagi við samtök launafólks að fallið verði frá 3% hækkun grunnkaups hjá opinberum starfsmönnum sem ráðgerð er 1. apríl n. k.

Ofangreindar forsendur um þróun verðlags og launa eru á ýmsan hátt óvissar, ekki síst vegna þeirrar óvissu, sem ríkir um framvindu verðlagsmála, einkum oliuverðs, en samkvæmt þeim má ætla, að kauptaxtar hækki um 34—35% að meðaltali á árinu. Að meðtalinni fjölgun fólks í vinnu gætu atvinnutekjur því hækkað um 36—37% en ráðstöfunartekjur sennilega ívið minna, eða um 35%.

Áðurnefndar forsendur um launabreytingar svo og ákveðnar forsendur um hækkun innflutningsverðlags benda til þess, að framfærslukostnaður geti e. t. v. hækkað um 32—33% frá upphafi til loka árs en meðalhækkun milli 1978 og 1979 yrði þá um 33—34%. Samkvæmt þessu má ætla, að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild aukist um 1% en í fyrri spám var reiknað með að hann stæði í stað frá fyrra ári.

Í ljósi þessarar kaupmáttaraukningar mætti búast við því, að einkaneysla yrði nokkru meiri að magni en á árinu 1978. Sé litið á þróun kaupmáttar og einkaneyslu árin 1977 og 1978, virðist líklegt að um nokkra aukningu verði að ræða á þessu ári, e. t. v. um 2—3% á mann og 3—4% í heild. Einkaneysla jókst minna en kaupmáttur á árinu 1977 og í fyrra fylgdust breytingar kaupmáttar og einkaneyslu sennilega nokkurn veginn að. Kaupmáttur jókst nokkuð á síðari hluta árs 1978 miðað við það sem var á fyrri hluta ársins og er líklegt, að það hafi áhrif á einkaneysluútgjöld á þessu ári, þannig að þau aukist ívið meira en kaupmáttur. Þessi spá er nú öllu óvissari en fyrr vegna oliuverðhækkunar.

Séu þessar lauslegu spár um einstaka þætti þjóðarútgjalda, útflutning og innflutning dregnar saman, verður niðurstaðan sú, að þjóðarframleiðsla gæti aukist um 1½%, en vegna versnandi viðskiptakjara sé í mesta lagi unnt að reikna með, að þjóðartekjur standi í stað. Gangi þessar spár eftir virðist mega halda sem næst jöfnuði í viðskiptum við útlönd á árinu 1979, en sá jöfnuður gæti hæglega snúist í halla, ef sjávarafli verður minni en hér er reiknað með eða útflutningur tregari eða ef innflutningseftirspurn eykst að mun með vaxandi kaupmætti.

Sú óvissa sem einkennir marga þætti þessarar spár nú, m. a. um sjávaraflla og útflutning, þróun innflutningsverðs og áhrif þess á innlent verð og þar með á verðbætur á laun og kaupmátt tekna almennings, gerir þá niðurstöðu sem hér er lýst ótraustari en ella. Áhersla skal á það lögð, að lítið má út af bera til þess að útkoman á árinu verði önnur og lakari en hér er gert ráð fyrir. Ljóst er, að víða er teft á tæpasta vað, ekki sist um að jafnvægið í utanríkisviðskiptum og afkomu atvinnuvega. Þau umsvif, sem hér er að stefnt í þjóðarbúskapnum á árinu 1979, ættu að nægja til þess að tryggja fulla atvinnu, ef marka má fyrri reynslu. Hætta er hins vegar á, að hugsanlegt framhald öfugþróunar verðlags, m. a. af völdum olíuverðhækkunar, grafi undan rekstrargrundvelli atvinnuveganna og valdi atvinnubresti. Ríkisstjórnin mun vera á varðbergi gagnvart þessum hættum í atvinnumálum og snúast við þeim eftir því sem þörf krefur.

Þetta mat á efnahagshorfunum á þessu ári sýnir glögg þann búskell, sem þjóðar-búið hefur beðið vegna stórhækkunar olíuverðs að undanfögnu. Ekki sist af þessum sökum verður sá árangur, sem að er stefnt með þessu frumvarpi, minni en ella á þessu ári, einkum hvað varðar hjöðnun verðbólgunnar. Mikilvægara er þó í þessu sambandi, að þær ráðstafanir og ekki síður þær breytingar á stjórnarháttum í efnahagsmálum, sem felast í tillögum þessa frumvarps, horfa til mun lengri tíma en til loka þessa árs og fela í sér að ná megi varanlegum árangri í baráttunni við verðbólguna og stjórn efnahagsmála almennt, ef vel er á haldið.

Meginefni þessa frumvarps er:

Að marka stefnu í efnahagsmálum til næstu ára.

Að bæta skipulag og stjórnþæki efnahagsmála í landinu.

Að grípa til ráðstafana þegar í stað á sviði fjármála, peningamála, launamála, verðlagsmála og sveiflujöfnunar í sjávarútvegi, sem svari kalli á líðandi stund.

Að búa í haginn fyrir efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör í landinu á grundvelli auðlinda lands og sjávar.

Frumvarpið skiptist í eftirfarandi kafla:

I. kafli: Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

II. kafli: Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bændu og atvinnurekenda.

III. kafli: Um ríkisfjármál.

IV. kafli: Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

V. kafli: Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

VI. kafli: Um peninga- og lánamál.

VII. kafli: Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

VIII. kafli: Um verðbætur á laun.

IX. kafli: Um vinnumarkaðsmál.

X. kafli: Um verðlagsmál.

XI. kafli: Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

XII. kafli: Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir meðal annars, að vinna skuli að gerð þjóðhags- og framkvæmdaáætlunar, sem marki stefnuna í atvinnumálum, fjárfestingarmálum, tekjuskiptingu og kjaramálum. Jafnframt verði mörkuð stefna

um hjöðnun verðbólgu í áföngum og ráðstafanir ákveðnar, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni, meðal annars endurskoðun á vísitölukerfinu, aðgerðir í skattamálum og mótun nýrrar stefnu í fjárfestingar- og lánamálum. Þær ráðstafanir, sem gripið var til í september síðastliðnum, mörkuðu fyrsta áfanga þessa verks. Með ráðstöfunum í nóvember og desember síðastliðnum var þessu verki fram haldið og í reynd þá hafinn annar áfangi þess starfs, sem um var fjallað í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Þær aðgerðir og þá stefnumörkun, sem í þessu frumvarpi felst, ber að skoða sem þriðja og um leið veigamesta áfangann á þeirri braut að móta og síðan fylgja samræmdri aðhaldsstefnu í launa- og verðlagsmálum í sambengi við heildarstefnuna í skattamálum og efnahagsmálum almennt. Forsenda þess, að unnt verði að koma á bættri skipan við stjórn efnahagsmála er sú, að dregið verði úr verðbólgunni með samræmdum aðgerðum, sem þannig séu valdar að hvorki sé atvinnuöryggi teflt í tvísýnu né efnahagslegu jafnvægi eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við raskað. Til þess að slíkar ráðstafanir beri tilætlaðan árangur þarf víðtækt samráð og samstarf allra þeirra, sem hlut eiga að máli. Verðbólgan hefur á undanförunum árum fært íslenskt efnahagslíf og ýmsan opinberan rekstur svo úr skorðum, að lífskjör hafa ekki batnað í kjölfar batnandi ytri skilyrða, þar sem hún rýrir beinlínis vöxt þjóðartekna og þar með þjóðarhag, og til lengdar geta kjör launþega því aðeins batnað, að þjóðartekjur vaxi. Verðbólgan og fylgifyiskar hennar hafa þannig valdið því, að Íslendingar hafa að nokkru dregist aftur úr nálægum þjóðum hvað lífskjör snertir. Afleiðingar verðbólgunnar bitna á þjóðfélaginu í heild, en þegar til lengdar lætur, fyrst og fremst á launþegum og spari fjáreigendum. Til þess að tryggja örugga undirstöðu farsældar og framfara í landinu þarf að koma á varanlegu jafnvægi í efnahagsmálum. Það er megintilgangur þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar.

I. KAFLI

Um stefnumörkun í efnahagsmálum.

Í þessum kafla er fjallað um almenna stefnumörkun í efnahagsmálum, þar sem annars vegar er kveðið svo á, að ráðstafanir stjórnvalda í efnahags- og fjármálum skuli jafnan miðaðar við helstu markmið efnahagsstefnunnar, án þess að efnahagslegu jafnvægi sé raskað eða fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar út á við teflt í tvísýnu. Hins vegar er þar kveðið á um skipulega gerð þjóðhagsáætlunar á hverju ári til viðmiðunar við stefnumótandi ákvarðanir í efnahagsmálum.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru sett fram helstu markmið stefnunnar í efnahagsmálum. Þessi markmið hafa almennt gildi og eru hér fyrst og fremst sett til þess að til þeirra megi vísa, þegar fjallað er um einstaka málaflokka.

Um 2. gr.

Í þessari grein er ákveðið, að leggja skuli fram á Alþingi við upphaf þings skýrslu um þjóðhagsáætlun næsta árs. Þjóðhagsáætlunir eru nauðsynlegt hjálpartæki við mótun stefnunnar í efnahagsmálum, við undirbúning fjárlaga og árlegra framkvæmdaáætlana hins opinbera. Sama gildir um gerð fjárfestingaráætlana og áætlana um peninga- og lánamál. Slíkar áætlunir verða að tengjast heildarstærðum og stefnu í þjóðarbúskapnum öllum til þess að koma að tilætluðum notum. Í greininni er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin leggi fram skýrslu um þjóðhagshorfur og stefnu sína til árs í senn, en að því er stefnt, að jafnframt verði gerð grein fyrir horfum nokkur ár fram í tímann um meginstærðir, m. a. í tengslum við langtímaáætlunir um ríkisbúskapinn og fjárfestingaráætlunir til nokkurra ára í senn.

Það er verkefni Þjóðhagsstofnunar að undirbúa þjóðhagsáætlanir fyrir ríkisstjórnina, en gerð þeirra byggist á og er nátengd gerð þjóðhagsreikninga fyrir liðna tíð, sem einnig er verkefni stofnunarinnar.

Forsætisráðherra mun fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gera grein fyrir þjóðhagsáætlun þeirri, sem ríkisstjórnin leggur til grundvallar stefnu sinni í efnahagsmálum á sama tíma og stefnuræða hans er flutt á þingi. Með þessu móti fæst skýr undirstaða undir umræðu og ákvarðanir á einstökum sviðum efnahags- og fjármála í störfum þingsins.

II. KAFLI

Um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda.

Í þessum kafla er mælt fyrir um reglubundið samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum. Er það í samræmi við þá meginstefnu ríkisstjórnarinnar, að árangursríkri og farsælli stjórn efnahagsmála verði ekki á komið nema í nánú samráði við aðila vinnu- markaðarins.

Um 3. gr.

Með greininni er fylgt eftir þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar, sem fram kom í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna í september síðastliðnum, að traust samstarf aðila vinnu- markaðarins og stjórnvalda, sem miði meðal annars að því að tryggja vinnufrið, jafna lífskjör og treysta jafnframt varanlegan kaupmátt laun- tekna, sé hyrningarsteinn sarsæls stjórnsamstarfs.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um það hverjir skuli vera þátttakendur í samráði því, sem mælt er fyrir um í 3. gr. Ákvæði greinarinnar gera ráð fyrir því, að unnt sé að haga samráðsfundum með margvíslegum hætti, þannig að efnt sé bæði til funda með einstökum aðilum og þeir allir komi saman til sameiginlegs fundar. Þá kemur einnig fram, að ríkisstjórnin er til þess búin, að settir verði á fót starfshópar, sem sinni sérstaklega einstökum málaflokkum á hennar vegum.

Eftirtalin samtök og e. t. v. fleiri verða kölluð til samráðs samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar: Alþýðusamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, samtök sjómanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólanna, Samband íslenskra bankanna, Stéttarsamband bænda, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnu- málamband Samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands.

Um 5. gr.

Meginverkefni á samráðsfundum yrði að fjalla um helstu þætti efnahagsmálanna og mörkun efnahagsstefnunnar í því skyni að leggja grundvöll að samræmdri ákvörðunartöku á öllum sviðum efnahagsmála. Þá yrði einnig fjallað um þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir hins opinbera, tekjustefnu og forsendur þeirra. Loks yrði fjallað um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu- og kjaramála og raunar efnahagsmála almennt.

III. KAFLI

Um ríkisfjármál.

Í þessum kafla er fjallað um ríkisfjármál og skiptast ákvæði hans í þrjá þætti; í fyrsta lagi ákvæði er lúta að gerð fjárlaga og heildarstjórn ríkisfjármála; í öðru lagi eru ákvæði um beitingu ríkisfjármála á árunum 1979 og 1980 í því skyni að setja ríkisumsvifum hæfileg mörk til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og þar með draga úr verðbólgu; í þriðja lagi eru ákvæði, er varða eftirlit með fram-

kvæmd fjárlaga og hagsýslustarfsemi, í því skyni að auka aðhald og hagkvæmni í ríkisrekstri og draga úr útgjöldum.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru byggð á 42. gr. stjórnarskrárinnar um fjárlög. Hér er lagt til, að fjárlagafrumvarp verði samið með tilliti til þeirrar þjóðhagsáætlunar, sem er undirstaða mótunar heildarstefnu í efnahagsmálum og stefnan í ríkisfjármálum miðast við. Segja má, að undirbúningur og gerð fjárlaga hafi mjög færst í þetta horf undangengin ár og með þessu ákvæði sé fyrst og fremst að því stefnt að styrkja fjárlagagerðina og þátt hennar í heildarstjórn efnahagsmála. Bætt samræmi milli þjóðhagsáætlunar og þeirra þátta hennar, sem byggjast á spá, svo sem um þróun verðlags, launa og gengis, og fjárlaga eykur mjög á möguleika til raunhæfs eftirlits með framvindu ríkisfjármálanna á fjárlagaárinu.

Um 7. gr.

Hér er lagt til, að með fjárlagafrumvarpi ár hvert verði lögð fram áætlun til næstu þriggja ára eftir lok þess fjárlagaárs, sem fjárlagafrumvarpið tekur til. Áætlun þessi skal vera visir að langtímafjárlögum. Ekki er þó ætlast til, að áætlunin verði bindandi, heldur er henni ætlað að sýna þá meginstefnu, sem móta á í ríkisfjármálum og fjárlagafrumvarpið er hluti af. Með þessu móti fengist betri yfirsýn yfir stefnuna í ríkisfjármálum, sem styrkir þær ákvarðanir, er varða tekjuöflun og skiptingu útgjalda á fjárlögum. Jafnframt verður glegggra, hvaða mörk þarf að setja ríkisfjármálunum og hvaða svigrúm er fyrir hendi til framkvæmda, uppbyggingar og endurbóta á sviði opinberrar þjónustu. Áætlunargerð sem þessi er að auki ein meginforsenda þess, að raunhæft sé að taka á föstum og regluburðnum eða sjálfvirkum fjárframlögum samkvæmt öðrum lögum en fjárlögum, svo og mörkuðum stofnum eins og tillaga er gerð um í 8. grein.

Um 8. gr.

Sú tillaga, sem hér er gerð, miðar fyrst og fremst að því að auka svigrúm ríkisstjórnar og Alþingis til að hafa áhrif á fjárfestinguna í landinu. Þau sjálfvirku framlög og þær mörkuðu tekjur, sem hér um ræðir, hafa í reynd bundið hendur fjárveitingavaldsins og skert möguleika þess til að marka og framfylgja ákveðinni stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum sérstaklega með virkri beitingu ríkisfjármálanna. Hér er að því stefnt, að ákvarðanir um þessi fjárframlög verði teknar til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa skuli framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert og til frambúðar í langtímaáætluninni samkv. 7. gr.

Þau fjárframlög, sem verið hafa lögbundin, og hér um ræðir, nema samtals 14.2 milljörðum króna á fjárlögum ársins 1979. Þeir tekjustofnar, sem ráðstafað hefur verið til sérstakra þarfa nema alls 18.1 milljarði króna á fjárlögum ársins 1979. Eru þá undanskilin ýmis framlög og stofnar, og má þar nefna framlög atvinnurekenda til almannatrygginga og gjaldskrár þjónustufyrirtækja.

Í greininni er lögð áhersla á að tillit sé tekið til félagslegra markmiða, og samráð haft við hagsmunaaðila við endurskoðunina.

Með athugasemdum þessum er lögð fram skrá (Fylgiskjal) yfir þau framlög og tekjustofna, sem hér er um að ræða. Ekki er öruggt, að skráin sé alveg tæmandi.

Um 9. gr.

Hér er gerð tillaga um, að niðurgreiðslum landbúnaðarafurða verði sett ákveðið hámark fyrir hverja afurð, og miðist hámarkið við verð til framleiðenda. Ljóst er, að niðurgreiðslur fela jafnan í sér röskun á verðhlutföllum gagnvart öðrum vörum auk þess sem mismiklar niðurgreiðslur á einstökum búvörum raska verðhlutföllum innbyrðis. Í þessu er fólgin sú hættu, að hvatt sé til framleiðslu á vörum, sem of-

framboð er á, og að niðurgreiðslurnar seinki og torveldi þær breytingar, sem þurfa að eiga sér stað í samsetningu framleiðslunnar, eigi hún að geta staðist til lengdar. Með þessari tillögu er leitast við að ráða hér nokkra bót á, bæði hvað snertir röskun verðhlutfalla gagnvart öðrum vörum og eins gagnvart öðrum búvörum.

Er gert ráð fyrir, að þessu marki verði náð í áföngum á árunum 1979, 1980 og 1981.

Sú viðmiðunarregla, sem hér er gert ráð fyrir, er einföld í meðförum þegar um er að ræða afurðir, svo sem mjólk og kjöt, þar sem unnt er að hafa beina viðmiðun við verð til bænda. Um aðrar afurðir, sem meira eru unnar, svo sem rjóma, smjör og ost, er gert ráð fyrir, að niðurgreiðslur megi mest nema sama hlutfalli af heildarkostnaðarverði og á mjólk og kjöti.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir því, að fjárhæðum, sem verja skal til niðurgreiðslna á þessu ári samkvæmt fjárlögum, verði ekki breytt.

Miðað við niðurgreiðslustigið í marsþyrjun 1979 myndu niðurgreiðslur á ári væntanlega þurfa að lækka um 5 400—6 700 m.kr. til þess að markmiði frumvarpsgreinarinnar yrði náð. Eins og fram kemur í greininni, er ætlunin að þetta gerist í áföngum á næstu þremur árum. Tímasetning áfanganna er ekki ákveðin, en rétt er að benda á, að hverju sinni sem vinnslu- og dreifingarkostnaður er hækkaður við verðlagningu búvöru, minnkar munurinn á útsöluverði og verði til bænda að óbreyttum niðurgreiðslum. Þannig kynni aðlögun að markmiði þessarar greinar að vera auðveldari þegar fram í sækir.

Um 10. gr.

Hér er að finna ákvæði um framkvæmd þeirrar lækkunar ríkisútgjalda um 1000 m.kr., sem heimild var veitt fyrir í fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að ráðuneyti geri tillögur um lækkun útgjalda hvert á sínu sviði til fjárlaga- og hagsýslustofnunar, sem síðan móti endanlegar tillögur til ríkisstjórnarinnar í samráði við fjárveitinganefnd og undirnefnd hennar.

Um 11. gr.

Í þessari grein er stefnumarkandi ákvæði um heildarumfang ríkisfjármálanna á árunum 1979 og 1980. Lögð er áhersla á, að við núverandi efnahagsástand verði ríkisfjármálunum beitt til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Um 12. og 13. gr.

Í þessum greinum eru tillögur um endurbætur á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og aukna hagsýslustarfsemi í því skyni að auka aðhald í ríkisrekstri og tryggja sem hagkvæmasta meðferð opinberra fjármuna. Þessi ákvæði yrðu til fyllingar gildandi ákvæðum laga nr. 61/1931 um ríkisendurskoðun og laga og reglugerðar um Stjórnarráð Íslands frá 1969. Gert er ráð fyrir, að ríkisendurskoðun fylgist með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis. Í framhaldi af þessari tillögu hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því á þessu þingi, að sett verði ný lög um ríkisendurskoðun, er feli í sér grundvallarbreytingu á stöðu stofnunarinnar og hlutverki hennar. Gert er ráð fyrir, að ríkisendurskoðunin starfi í nánum tengslum við fjárveitinganefnd og undirnefnd hennar. Lögð er aukin áhersla á hagsýslustarfsemi ríkisins í því skyni að auka hagkvæmni og sparnað í ríkisrekstri. Tillögur þessara greina munu hafa í för með sér til muna aukin umsvif þeirra stofnana, sem í hlut eiga, þar sem til þessara verka þarf að ráða sérmenntað starfsfólk, en ávinningurinn réttlætir fyllilega þann kostnaðarauka, sem það hefur í för með sér. Ríkisstjórnin hyggst jafnframt skipa nefnd til þess að endurskoða lög um skipan opinberra framkvæmda nr. 63/1970 og gera tillögur um framkvæmd þeirra í því skyni að tryggja vandlega undirbúning og eftirlit með slíkum framkvæmdum.

IV. KAFLI

Um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar.

Í fjórða kafla frumvarpsins er fjallað um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir ríkisstjórnarinnar, er lagðar skulu fyrir Alþingi í tengslum við fjárlagafrumvarp. Verða þær lagðar fram samtímis væntanlega í einu lagi eins og gert var fyrir árið 1979. Í kaflanum eru ákvæði um, að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skuli settar fram heildaráætlanir um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra og ákvarðanir um framkvæmdaframlög og framlög til fjárfestingarlánasjóða og útlána-áætlanir fjárfestingarlánasjóða, auk þess sem ákvæði eru um undirbúning áætlanna og nauðsynleg atriði vegna framkvæmdar þeirra. Einnig eru í kaflanum ákvæði, sem ætlað er að leggja áherslu á nauðsyn þess að draga úr fjárfestingarútgjöldum og þau verði innan við fjórðung af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Einnig eru ákvæði, er stefna að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförunum árum. Í kaflanum eru einnig ákvæði um að útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða verði samræmd á þessu ári.

Um 14. gr.

Markmið fjárfestingarstjórnar er tvíþætt, annars vegar að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu samrýmist efnahagslegu jafnvægi á hverjum tíma og hins vegar að fjármagni sé beint til þeirra framkvæmda, sem eru þjóðfélagslega hagkvæmar. Þetta eru hvort tveggja viðhorf, sem ekki verður gefið gildi nema í samhengi við heildarstærðir og stefnu í þjóðarbúskapnum öllum. Til þess að fjárfestingaráætlunargerð komi að gagni verður hún að vera í tengslum við þjóðhagsáætlanagerð og taka mið af þeim þjóðhagslegu markmiðum, sem sett eru í þjóðhagsáætlun og nánar er lýst í I. kafla frumvarpsins. Hlutverk fjárfestingaráætlunar er fyrst og fremst að skilgreina markmið um æskilega fjárfestingu út frá þjóðhagslegu sjónarmiði, beinar ákvarðanir um fyrirætlanir hins opinbera á sviði framkvæmda og lánveitinga og ákvarðanir um beitingu annarra stjórnækja hins opinbera til þess að stýra fjárfestingu einkaaðila í æskilegan farveg.

Nauðsynlegt er að fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir séu lagðar fram um leið og fjárlagafrumvarp til þess að fyrir liggja heildaryfirlit yfir fjármunamyndun og fjármögnun í samhengi þjóðhagsáætlunar, þegar fjárlagafrumvarp er til meðferðar á Alþingi. Áætlanirnar eru gerðar til eins árs í senn, en þegar fram í sækir er nauðsynlegt að þær verði gerðar til nokkurra ára í senn en verði jafnframt endurskoðaðar árlega. Að þessu verður stefnt á árunum 1979 og 1980. Þá er gert ráð fyrir því, að áætlunum fylgi stefnumótun í meginatriðum fyrir næstu þrjú árin eftir gildistíma þeirra og er þetta til samræmis við ákvæðin um langtímafjárlög í 7. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru skilgreindir nánar einstakir þættir fjárfestingar- og lánsfjáráætlana í samræmi við þau markmið, sem sett eru í 14. gr. Hér er því lýst í mikilvægum atriðum, hvernig ríkisvaldið hyggst beita þeim tækjum, sem það hefur yfir að ráða, til þess að hafa áhrif á fjárfestinguna. Er þar meðal annars um að ræða beinar ákvarðanir um eftirfarandi atriði:

1. Fjárveitingar til opinberra framkvæmda.
2. Lántökur til opinberra framkvæmda innanlands og erlendis. ,
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna.
4. Fjárfestingarstyrkir og framlög til atvinnuvega.
5. Lánskjör stofnlánasjóða og banka.
6. Íhlutun um ráðstöfun ráðstöfunarfjár innlánsstofnana og lífeyrissjóða.
7. Heimildir til erlendra lántöku einkaaðila og samtaka.

Til viðbótar þessu má nefna skattlagningu fjárfestingar og skattmeðferð fjárfestingarfjár fyrirtækja, sem ákveðin er með skattalögum og við afgreiðslu fjárlaga.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að í lánsfjáráætlun sé gerð grein fyrir markmiðum í peningamálum og þeim tækjum, sem beitt verði til þess að þeim markmiðum verði náð, eins og nánar er kveðið á um í VI. kafla frumvarpsins.

Loks er mælt fyrir um mat á mannaflapörf áætlaðra framkvæmda í heild og að sérstaklega verði metið atvinnuástand í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, þar sem sveiflur í atvinnustigi koma yfirleitt fyrst fram.

Um 16. gr.

Í þessari grein er kveðið á um lagasetningu um lántökuheimildir, ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar fjáröflunarráðstafanir, sem nauðsynleg er fyrir framkvæmd fjárfestingar- og lánsfjáráætlana hvers árs. Einnig er skýrt kveðið á um, að þessar heimildir beri að skoða sem hámarksákvæði á því fjárhagsári, sem þær eiga við. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal einnig fylgja rammaáætlun um erlendar lántökuheimildir einkaaðila, sem langlánanefnd skal framfylgja, en á undanförnum árum hefur skort á, að erlendar lántökur einkaaðila væru metnar út frá slíkri rammaáætlun.

Með ákvæðum þessarar greinar er stefnt að meira aðhaldi í erlendum lántökum en verið hefur á undanförnum árum. Erlendar skuldir þjóðarbúsins hafa vaxið ört á þessum áratug, þótt nokkuð hafi dregið úr aukningunni á síðasta ári. Þetta hefur leitt til þess að greiðslubyrði vegna erlendra lána hefur þyngst og er nú um 14% allra tekna af útflutningi vöru og þjónustu varið til þess að greiða afborganir og vexti af erlendum lánnum. Til þess að draga úr erlendum skuldum og létta greiðslubyrði á næstu árum er fyrst og fremst nauðsynlegt, að afgangur náist í viðskiptum við útlönd, m. a. með því að draga úr fjárfestingu sbr. ákvæði 20. gr., en einnig þarf að setja erlendum lántökum ákveðin mörk og tryggja það, að við þau verði staðið. Tilgangur ákvæða þessarar greinar er, að lántökuheimildir samkvæmt lánsfjáráætlun verði bindandi á þessu ári.

Um 17. gr.

Aðkallandi er að efla áætlanagerð um einstakar greinar opinberra framkvæmda. Hér er gert ráð fyrir, að einstök ráðuneyti undirbúi slíkar áætlanir hvert á sínu verksviði, en fjárlaga- og hagsýslustofnun samræmi undirbúning og gerð þessara áætlana. Aðrar stofnanir, svo sem Framkvæmdastofnun, Orkustofnun og Þjóðhagsstofnun, munu einnig geta lagt lið í þessum efnunum, en frumkvæðið er hjá ráðuneytum. Nauðsynlegt er, að því verði sem fyrst komið á, að áætlanir hvers árs verði gerðar innan ramma áætlana til nokkurra ára, til þess að unnt verði að marka stefnu í fjárfestingarmálum og ríkisfjármálum til lengri tíma en árs. Samhliða þarf að leggja áherslu á að bæta tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning einstakra verka.

Um 18. gr.

Áætlanir um þróun einstakra greina atvinnulífsins eru á verksviði Framkvæmdastofnunar samkvæmt núverandi skipulagi, en frumkvæði og þátttaka frá hlutaðeigandi ráðuneytum er hér einkar mikilvæg. Þróun atvinnulífsins er í ríkum mæli háð stefnu og aðgerðum stjórnvalda ekki síst, þar sem lánveitingar bæði til stofnlána og rekstrarlána eru að mestu leyti á vegum banka og fjárfestingarlánasjóða í opinberri eigu. Mikilvægt er, að settir séu upp könnunarreikningar um þróun einstakra greina á næstu árum, til þess að taka megí ákvarðanir um lánveitingar og önnur atriði, er hagi atvinnugreinanna varða, með yfirsýn yfir stöðu og þróun greinanna og gildi einstakra verka og framkvæmda. Nokkurt starf hefur verið unnið á þessu sviði bæði af Framkvæmdastofnun, Rannsóknaráði ríkisins og einstökum ráðuneytum. Virðist eðlilegt, að frumkvæði og ábyrgð á áætlunargerð um einstakar atvinnugreinar sé hjá viðkomandi ráðuneytum í samvinnu við samtök greinanna

sjálfra, en þau njóti aðstoðar Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar við verkið. Hlutverk Þjóðhagsstofnunar væri þá fyrst og fremst að láta í té upplýsingar og sjónarmið varðandi almenna efnahagsþróun og tengja áætlanir annarri áætlunargerð. Verkefni Framkvæmdastofnunar væri hins vegar að gera sérstakar kannanir og áætlanir fyrir einstakar greinar, en einnig, í samvinnu við Seðlabankann, að semja fjáröflunar- og útlánaáætlanir fyrir fjárfestingarlánakerfið, sem gera mætti markvissari, væru þær tengdar atvinnuvegaáætlun.

Um 19. gr.

Fjárfestingaráætlanir og fjárfestingarstjórn eru svo almenns eðlis, að þær verða ekki slitnar frá almennri stjórn efnahagsmála og því eðlilegast að slíkar áætlanir séu unnar á vegum ríkisstjórnarinnar sjálfar. Flest þeirra áhrifataekja, sem fjallað er um í 15. gr., eru á vegum fjármálaráðuneytisins og því virðist eðlilegast, að undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana sé á vegum ríkisstjórnarinnar og Þjóðhagsstofnunar, fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Seðlabanki og Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annist nauðsynlega undirbúningsvinnu.

Um 20. gr.

Í samræmi við þau markmið í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur sett sér, að draga úr verðbólgu og ná afgangi í viðskiptum við útlönd og tryggja þannig fjárhagslega stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum, er nauðsynlegt að draga úr heildarfjárfestingu á árinu 1979, frá því sem verið hefur á undanförunum árum. Til þess að leggja áherslu á þetta markmið er í þessari grein mótuð sú stefna, að fjárfestingarútgjöld verði innan við fjórðung af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1979. Á síðastliðnu ári er talið, að fjármunamyndun hafi verið tæplega 27% af þjóðarframleiðslu og árin á undan var hlutfallið enn hærra og fór hæst í 34% árið 1975. Ákvæði þessarar greinar ber að skoða með tilliti til núverandi aðstæðna í þjóðarþúskaðnum og gæti því þurft að taka til endurskoðunar, ef aðstæður breyttust að marki, t. d. þannig að ætla megi, að hætta sé á atvinnuleysi.

Um 21. gr.

Ákvarðanir um útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða ráða miklu um framgang stefnunnar í fjárfestingarmálum og því er nauðsynlegt að marka skýra stefnu í þessu efni, sem miði að því að einfalda og samræma öll lánskjör sambærilegra lána einkum að því er varðar nafnvexti, verðtryggingu og lánstíma. Með ákvæði þessarar greinar er stefnt að því að ljúka þessu starfi á þessu ári. Starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna hefur einkennst af því, að útlán þeirra hafa í of miklum mæli ráðist af sjálfvirkum reglum, t. d. sem ákveðinn hundraðshluti af framkvæmd, ef vissum formlegum skilyrðum er fullnægt, en í of litlum mæli af kröfum um arðsemi einstakra framkvæmda. Þessu verður að breyta með því að afnema sem mest hinar sjálfvirku útlánareglur en koma í staðinn á samræmdum reglum um arðsemismat á einstökum framkvæmdum. Með sama hætti þarf að kanna lagaákvæði um framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða eftir sjálfvirkum reglum, og athuga hvort ekki eigi að taka í staðinn upp beinar fjárveitingar á fjárlögum. Í þessu sambandi þarf einnig að skoða verkefni einstakra sjóða með tilliti til félagslegra markmiða — einnig í sambandi við lánskjör — en afmarka þarf opinskátt fjármögnun, útlán og lánskjör, er taka tillit til félagslegra sjónarmiða.

V. KAFLI

Um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri.

Í þessum kafla frumvarpsins eru ákvæði um atvinnuvegaáætlanir til nokkurra ára í senn og frumkvæði ráðuneyta að gerð þeirra; mælt er fyrir um, hvernig

samræma skuli áætlanagerð, form áætlana á Alþingi og rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þá eru ákvæði um fjáröflun til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins og skýrslugerð um fjárfestingu í atvinnuvegunum.

Um 22. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um það, að ráðuneyti atvinnuveganna hafi forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana, hvert á sínu sviði. Þessi ráðuneyti eru sjávarútvegs-, landbúnaðar-, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Þá er í greininni almennt ákvæði um hvert skuli vera efni atvinnuvegaáætlana og hvaða megin sjónarmið skuli hafa í huga við gerð þeirra, og er í því sambandi lögð sérstök áhersla á skipulega byggðastefnu og atvinnustarfsemi á félagslegum grundvelli.

Um 23. gr.

Í greininni er fjallað nánar um vinnubrögð við gerð atvinnuvegaáætlana og mælt fyrir um samvinnu ráðuneyta til samræmingar á áætlunum undir stjórn forsætisráðherra. Þá er ítrekuð nauðsyn þess, að samræmi sé milli atvinnuvegaáætlana, fjárfestingar- og lánsfjáráætlana og áætlunarinnar um meginstefnu í ríkisbúskapnum. Loks er heimild veitt til þess, að þeim opinberu stofnunum, sem starfa að áætlanagerð og tengdum verkefnum, sé falin vinna við gerð atvinnuvegaáætlana, og mælt fyrir um samráð við samtök í viðkomandi atvinnugreinum við undirbúning atvinnuvegaáætlana og aðgerða til hagræðingar í atvinnurekstri.

Um 24. gr.

Með greininni er tryggt, að Alþingi hafi hið endanlega ákvörðunarvald um atvinnuvegaáætlanir.

Um 25. gr.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna eru mikilvægur þáttur til að tryggja að atvinnubrúunin verði skynsamleg og hagnýt. Greininni er ætlað að tryggja, að við gerð atvinnuvegaáætlana verði ekki litið framhjá rannsóknastarfi, og það eflt með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum.

Um 26. gr.

Hér er mælt fyrir um sérstakar fjárútveganir á þessu ári og því næsta til þess að greiða fyrir hagræðingu í undirstöðugreinum atvinnulífsins.

Um 27. gr.

Með þessu ákvæði á að tryggja, að ávallt séu fyrirbyggjandi haldgóðar upplýsingar um fjárfestingu í atvinnuvegunum, sem byggt verði á við gerð fjárfestingaráætlana og stefnumarkandi áætlana fyrir atvinnuvegina.

Í ársskýrslu þeirri, sem flutt er um störf Framkvæmdastofnunar ríkisins á Alþingi, mundi verða sérstakur kafli um framkvæmd atvinnuvegaáætlana.

VI. KAFLI

Um peninga- og lánamál.

Efni þessa kafla er þrjúþætt. Í fyrsta lagi eru settar fram almennar viðmiðanir fyrir stjórn peningamála og ákvörðun gengis og vaxta. Í öðru lagi eru stjórnþeki peningamála eflid. Í þriðja lagi eru gerðar ákveðnar tillögur um, hvernig beita skuli stjórnþækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum á þessu og næsta ári.

Um 28. og 29 gr.

Í þessari grein er áréttuð sú skylda Seðlabankans að vinna að því að peningamagn í umferð og heildarútlán séu í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar í

efnahagsmálum. Þá er ákveðið, að Seðlabankinn skuli gera áætlun til tveggja ára um breytingar helstu peningastærða og um lánamarkaðinn í heild á grundvelli þjóðhagsáætlunar, sbr. I. kafla lagafrumvarps þessa.

Um 30. gr.

Hér er gerð tillaga um viðmiðun fyrir aukningu peningamagns á næstu tveimur árum. Peningamagn má skilgreina með ýmsum hætti. Í þrengstu skilgreiningu er átt við samtölu seðla og myntar í umferð og veltiinnlána, þ. e. innstæðna á sparifjárávisanareikningum og hlaupareikningum. Er einkum miðað við það hugtak hér. Auk þess má svo víkka hugtakið og bæta þá við innstæðum á almennum sparifjársjóðum. Í víðasta skilningi er svo loks bætt við bundnum sparifjársjóðum. Vegna þess að ýmsar utanaðkomandi breytingar geta haft áhrif á þessa stærð, verður hér að vera um stefnuýfirlýsingu að ræða, fremur en alveg ákveðið mark. Hins vegar er það ákveðinn vilji ríkisstjórnarinnar, að peningamálum verði beitt á virkari hátt en verið hefur til viðnáms gegn verðbólgu. Til þess að svo megi verða þarf að gera breytingar á nokkrum helstu stjórnartækjum peningamála, auk þess sem jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvæg forsenda þess að aukning peningaframboðs sé hófleg.

Í lok greinarinnar er settur sá fyrirvari, að víkja megi frá markmiðum hennar, ef óvæntar breytingar verði í þjóðarþúskapnum.

Um 31. gr.

Í þessari grein er lagt til að bætt verði í Seðlabankalögin ákvæði um viðmiðun gengisskráningar íslensku krónunnar á hverjum tíma. Brýnt er að þessi almenna viðmiðun sé bundin í lög, þegar um jafnmikilvægt hagstjórnartæki og gengisskráning er að ræða.

Um 32. gr.

Í þessari grein er gerð tillaga um það, að tekin verði upp í áföngum á þessu og næsta ári almenn verðtrygging, en vextir verði jafnframt lækkaðir. Hin öra verðbólguþróun hérlendis að undanförunu hefur eðlilega leitt til þess, að leitað er leiða til þess að leiðréttá skekkju af völdum verðbólgunnar á ýmsum sviðum efnahagslífsins. En tilfærsla eigna frá þeim, sem skulda í peningum með vöxtum, sem liggja undir hraða verðbólgunnar, til hinna, sem geyma fé sitt á vöxtum undir verðbreytingum, er ef til vill einn alvarlegasti fylgikvilli verðbólgunnar. Auk eignatilfærslu fylgir því ástandi, sem hér hefur ríkt, óhóflig eftirspurn eftir lánsfé og jafnframt brenglar verðbólga mat á framtíðargildi fjárfestingar, þegar raunverulegur vaxtakostnaður kemur ekki fram í lánskjörum. Leiðirnar til þess að verjast þessu eru tvær: Hækkun nafnvaxta eða verðtrygging með lágum vöxtum. Hækkun nafnvaxta og lækkun eftir verðbólguþrenging hefur ýmsa ókosti, sem verðtrygging hefur ekki, einkum ef hraði verðbólgunnar er breytilegur. Á hinn bóginn er ljóst, að verðtrygging eftir á hentar ekki í öllum lánsviðskiptum til skamms tíma. Í þessari grein er lagt til, að stefnt verði að verðtryggingu — og þar með jákvæðum en lágum raunvöxtum — með vaxtaákvörðun Seðlabankans á næstunni. Hér er um vandasamt verk að ræða, sem hlýtur að taka nokkurn tíma að koma á, en í frumvarpi þessu er mörkuð skýr stefna í þessu efni.

VII. KAFLI

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.

Það er eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar í peningamálum, að tryggja örugga ávöxtun sparifjár með því að verðtryggja sparifé landsmanna og almennasjóða. Í lögum um verðtryggingu fjárskuldbindinga nr. 71/1966 er gert ráð fyrir verulegum takmörkunum á notkun verðtryggingarákvæða í lánsviðskiptum. Í tillögum þessa kafla felst, að þau ákvæði, sem hér er gert ráð fyrir komi, í stað laga nr. 71/1966.

Það er meginstefna þessara tillagna, að tekin verði upp sem almennust verðtrygging á inn- og útlánunum. Með samþykkt þeirra væru því sett almenn lagaákvæði um ákvörðun verðtryggingar, bæði í viðskiptum innlánsstofnana og utan þeirra, en nánari reglur varðandi verðtryggingu yrðu settar af Seðlabankanum með sama hætti og vextir eru ákveðnir. Gert er ráð fyrir því, að verðtrygging útlána verði einkum með þeim hætti, að verðbótaþáttur vaxta leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils. Þetta hefur þau áhrif, að raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta er dreift sem jafnast á lánstímann. Þessi aðferð er þó ekki framkvæmanleg, að því er varðar viðskiptavíxla, og verður því að taka tillit til verðtryggingar við ákvörðun forvaxta og verðbótaþáttar þeirra.

Þau lánskjör, sem þannig yrðu ákveðin fyrir innlánsstofnanir, yrði einnig heimilt að nota í öllum sambærilegum viðskiptum aðila utan bankakerfisins. Í reynd yrði því heimilt að taka upp almenna verðtryggingu í lánsviðskiptum t. d. sem tengd eru kaupum og sölu á fasteignum, framleiðslutækjum eða öðrum varanlegum verðmætum. Slík verðtryggð viðskipti yrðu háð þeim reglum, sem Seðlabankinn setur um þau efni. Í tillögunum er gert ráð fyrir sérstökum reglum um lánskjör fjárfestingarlánasjóða og um heimildir lífeyrissjóða til að veita verðtryggð lán, en lífeyrissjóðum yrði að sjálfsögðu einnig heimilt að veita lán með sömu kjörum og innlánsstofnanir.

Í tillögunum eru almenn ákvæði um helstu skilyrði, sem reglur um verðtryggingu verða að fullnægja. Gert verður ráð fyrir því sem meginstefnu, að verðtrygging miðist við opinbera, skráða verðvísitölu, en einnig yrði heimilt að leyfa verðtryggingu, er miðist við gengi erlends gjaldeyris.

Meðal formskilyrða, sem sett eru fyrir verðtryggingu, má nefna, að verðtryggt sparifé, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráðar á nafn, og að getið sé verðtryggingar þegar skuldbindingar eru færðar í veðmálaskrár og á veðbókarvottorð.

Almenn upptaka verðtryggingar sparifjár og lánsfjár hefur áhrif á ýmis önnur atriði, sem taka verður til endurskoðunar. Má þar nefna, að verðtrygging krefst samræmingar á ákvæðum skatta- og bókhaldslaga um endurmat eigna og meðferð verðbóta. Þá verður nauðsynlegt að heimila endurmat vörubirgða í samræmi við verðlag.

Um 33. gr.

Það er meginstefna þessara tillagna að heimila verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eftir þeim reglum, sem koma fram í tillögum þessa kafla og ætlað er að tryggja sanngjarna og örugga framkvæmd. Í 33. gr. er veitt almenn heimild til verðtryggingar og þar með fallið frá þeirri neikvæðu framsetningu, sem einkennir 1. gr. 1. 71/1966. Einnig er fallið frá hinna rúmu skilgreiningu fjárskuldbindinga, sbr. 1. gr. 1. 71/1966, og gildissvið takmarkað við hreinar fjárskuldbindingar eða peningalánsviðskipti, án íhlutunar í verðmyndun raunverðmæta, sbr. og 1. mgr. 34. gr. frumvarpsins, og öll slík viðskipti við banka, þ. m. t. innlán.

Hugtakið verðtrygging er tekið í víðri merkingu og á við hvers konar tilvik, þar sem um er að ræða, að greiðsla eða fullnægging fjárkröfu sé tengd breytingu á verðvísitölu og gengi gjaldeyris, þegar það á við í endurlánunum eða annarri viðmiðun.

Um 34. gr.

Gildissvið ákvæða þessa kafla er takmarkað við skriflegar skuldbindingar, sem tilgreindar eru í peningum, hvort sem stofnað er til þeirra með beinni lántöku, óviðkomandi öðrum lögskiptum aðila, eða þá að þær standa eftir að afloknum skilum efnislegra verðmæta eða þjónustu, er aðilar hafa samið um, t. d. eftirstöðvar kaupverðs húsnæðis eða bifreiðar.

Um 35. gr.

Ljóst er, að með tillögunum, ef að lögum verða, er farið inn á svið, þar sem erfitt er að sjá fyrir um ýmis tæknileg atriði. Er óumflýjanlegt að fela opinberum

aðila eftirlit með framkvæmd laganna og veitingu heimilda um verðtryggingu. Seðlabankanum er áfram falið að hafa þetta verkefni með höndum. Honum hefur verið falin yfirumsjón peningamála og fengið í því sambandi m. a. ákvörðunarvald um vexti, bæði innan bankakerfisins sem utan. Líkt er farið um vexti og verðbætur. Við framkvæmd laganna yrði bankinn að ákveða vaxtakjör í verðtryggðum samningum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, þ. á m. verðtryggingu þeirri, sem um er að ræða og tímalengd samninga. Ætla má, að vextir í verðtryggðum samningum verði aðrir og mun lægri en í óverðtryggðum samningum.

Um 36. gr.

Með þessari grein eru sett sérstök ákvæði um rekstrar- og afurðalán atvinnuveganna, þannig að ríkisstjórnin skuli ákveða hvaða reglur um þau gilda að fengnum tillögum Seðlabankans.

Um 37. gr.

Hér er heimilað að endurlána erlent lánsfé með gengiskvöð, en áratuga lög-gjafarhefð er um ákvæði þetta. Sambærileg ákvæði voru t. d. í 11. gr. laga nr. 80/1961, 6. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál og 2. gr. l. nr. 71/1966. Er hér veitt almenn heimild til þeirrar verðtryggingar, sem hér um ræðir, án sérstakrar heimildar Seðlabankans. Grundvöllur ákvæðisins er, að hinn innlendi kröfuhafi hvorki hagnist né skaðist af gengisbreytingum, sem eiga sér stað á lánstímanum, en skv. almennum reglum er heimilt að reikna gengismun, og bankar, sem endurlána slíkt, reikna sér vaxtamun.

Um 38. gr.

Í þessari grein er að finna grundvallaratriði varðandi framkvæmd verðtryggingar.

- 1) Nafnskráning verðtryggðra skuldbindinga er áfram gerð að skilyrði.
- 2) Grundvöllur þessa ákvæðis er, að sem mest jafnræði sé með kröfuhafa og lántaka vegna breytinga á verðmælisgrundvelli, sem kunna að eiga sér stað á lánstímanum.
- 3) Eðlilegt þykir að taka það fram hér, að Seðlabankinn ákveði vexti og dráttarvexti af verðtryggðum skuldbindingum skv. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.
- 4) Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar eða vísitala byggingarkostnaðar verði notaðar sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum. Þessar vísitölur eru nú algengasti verðlagsmælirinn. Í b-lið þessa tölulíðs er einnig heimilað að miða við gengi erlends gjaldeyris, þar sem það er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð. Önnur atriði þessarar greinar skýra sig sjálf.

Um 39. gr.

Í fyrstu málsgrein er innlánsstofnunum heimilað að verðtryggja sparifé. Við það er miðað, að útlán með verðtryggingu samsvari að fjárhæð og vaxtakjörum þeim verðtryggðu innlánunum, sem skapast. Um vaxtamismun verður að sjálfsgöðu að ræða vegna rekstrar stofnunarinnar.

Eðlilegt er, að innlánsstofnanir megi lána út eigið fé sitt með verðtryggingu, enda séu skilyrði um lánstíma og vexti þau sömu og koma til með að gilda um önnur verðtryggð útlán.

Önnur málsgrein gerir ráð fyrir, að heimilt sé að ákveða verðtryggingu útlána með þeim hætti, að verðbótapáttur vaxta, sem ákveðinn er af bankanum með hliðsjón af verðlagsþróun, leggist við höfuðstól láns í lok hvers vaxtatímabils, sem hefur þau áhrif að dreifa raunverulegri greiðslubyrði afborgana og vaxta sem jafnast á lánstímann. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum þessa kafla, er

Þessi aðferð ekki framkvæmanleg í öllum tilvikum og vísast til þess, sem þar er frekar sagt um þau tilvik. Með grein þessari eru mynduð tengsl milli stjórnvalds- sviða um ákvörðun vaxta annars vegar og heimilda til verðtryggingar hins vegar.

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli.

Fyrsta málsgrein gerir ráð fyrir, að þau verðtryggingarkjör, sem ákveðin yrðu fyrir innlánsstofnanir, verði einnig heiniult að nota í öllum sambærilegum viðskiptum aðila utan innlánsstofnana.

Önnur verðtryggð viðskipti verða háð almennum reglum, sem Seðlabankinn setur skv. ákvæðum þessa kafla.

Um 41. gr.

Fyrsta málsgrein er efnislega samhljóða 6. gr. l. 71/1966, að því undanskildu að heita skal ákvæðum 11. gr. l. nr. 13/1975 við ákvörðun lánskjara opinberra sjóða.

Önnur málsgrein er nýmæli. Nokkur hagsmunasamtök hafa stofnað fjárfestingar- lánasjóði, sem ekki má telja opinbera sjóði í skilningi laga nr. 13/1975. Eðlilegt þykir, að sjóðir þessir hafi möguleika á að veita verðtryggð lán, eftir þeim almennu reglum, sem Seðlabankinn setur.

Um 42. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 7. gr. laga 71/1966.

Um 43. gr.

Ýmis vafaatriði geta komið upp í sambandi við notkun verðtryggingarákvæða í samningum, einkum ef um það verður að ræða, að verðtryggingargrundvelli er breytt, t. d. með setningu nýrrar löggjafar um opinberar vísitölur. Þykir nauðsynlegt, að nefnd sérfróðra manna fjalli um þessi mál, eins og gert er ráð fyrir í greininni, sem er samhljóða 8. gr. laga nr. 71/1966.

Um 44. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði þinglýsingarlaga og reglu- gerðar nr. 438/1978.

Um 45. gr.

Hér eru tilgreind þau ákvæði laga um ýmsa fjárfestingarlánasjóði, Seðlabanka og heimildarákvæði um útgáfu verðtryggðra lána rikissjóðs, sem nauðsynlegt þykir að haldi gildi sínu. Rétt þykir, að hér komi skýrt fram, að þau lagaákvæði, sem í greininni eru talin og þegar áunnin réttindi og skyldur skv. þar greindum lögum, haldi gildi sínu þrátt fyrir gildstöku ákvæða þessa kafla.

Um 46. gr.

Verði ákvæði þessa kafla að lögum, falla jafnframt úr gildi lög nr. 71 frá 6. maí 1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

VIII. KAFLI

Um verðbætur á laun.

Í þessum kafla er fjallað um greiðslu verðbóta á laun. Tillögur þessa kafla eru byggðar á athugasemdum viðnámslagafrumvarpsins frá í nóvember 1978, á starfi vísitölunefndar og samráði við samtök launafólks. Með tillögum frumvarpsins eru settar almennar reglur um verðtryggingu launa. Hins vegar er gert ráð fyrir, að um grunnkaup verði samið í kjarasamningum. Kveðið er á um greiðslu verðbóta á þriggja

mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem reiknast eftir framfærsluvísitölu. Þó er dregin frá framfærsluvísitölu sú hækkun hennar eða lækkun. er leiðir af breytingum búvöruverðs — vegna breytinga á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru —, breytingum vegna áhrifa olíuverðshækkana umfram beina rýrnun viðskiptakjara og breytingum á áfengis- og tóbaksverði. Auk þess er nýmæli í þessum kafla, að gert er ráð fyrir sérstökum, tímabundnum frádrætti frá breytingum verðbótavísitölu, ef viðskiptakjör þjóðarbúsins rýrna frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, en frádráttur þessi fellur niður ef viðskiptakjör batna, og gæti þá snúist í viðbót.

Um 47. gr.

Í þessari grein er fjallað um gildistíma og tíðni verðbótagreiðslna og kveðið á um greiðslu verðbóta á þriggja mánaða fresti miðað við breytingar sérstakrar verðbótavísitölu, sem Kauplagnesnefnd reiknar á sama tíma og vísitölu framfærslukostnaðar.

Um 48. gr.

Hér er fjallað um grunn verðbótavísitölnnar, þar sem kveðið er á um, að hún skuli reiknuð eftir framfærsluvísitölu og miðast við grunntöluna 100 miðað við febrúarvísitölu 1979. Hér er grunnur verðbótavísitölu settur á 100 í eitt skipti miðað við vísitöluna í febrúar.

Um 49. gr.

Í þessari grein er fjallað um hugsanleg frávík við útreikning verðbótavísitölu eftir framfærsluvísitölu. Í fyrsta lagi skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun hennar eða lækkun, er leiðir af breytingum búvöruverðs milli útreikningsdaga vísitölnnar, er leitt hafa af breytingum á vinnulið verðlagsgrundvallar búvöru og stafa af launahækkun á almennum vinnumarkaði. Hér er um það að ræða að takmarka víxlhækkun launa og verðlags, þar sem þær eru augljósastar og reyndar lögboðnar, en þessi leiðréttingarliður hefur verið í gildi að meira eða minna leyti allt frá 1950. Í öðru lagi skal draga frá framfærsluvísitölu þá hækkun, sem verða kynni á sköttum — eða jafngildi annarra fjármálaráðstafana — annars vegar til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hag þeirra heimila, sem helst verða fyrir barðinu á henni, og hins vegar til að draga úr því öryggisleysi, sem olíuverðhækkunin veldur um atvinnu í þeim greinum, sem hvað mest eru háðar olíu. Þykir það sanngirnismál, að ráðstafanir til þess að jafna nokkuð aðstöðumun, sem af þessu hlýst, valdi ekki hækkun verðbóta. Gert er ráð fyrir, að eftir því sem þörf krefur verði flutt sérstök lagafrumvörp um ráðstafanir í því skyni að jafna aðstöðumun heimila og einstaklinga og draga úr áhrifum olíuverðhækkunarinnar á afkomu fyrirtækja og atvinnugreina til þess að tryggja að hún valdi ekki atvinnubresti. Ríkisstjórnin hefur þegar gert grein fyrir almennum viðhorfum til olíuvandans, og hefur þegar beitt sér fyrir lagasetningu vegna fyrstu áhrifa hans á hag fiskveiða. Á næstunni mun hún leggja fram tillögur um fleiri ráðstafanir á þessu sviði. Í þriðja lagi er lagt til, að breytingar á áfengis- og tóbaksverði hafi ekki áhrif á verðbætur og hafa svipuð ákvæði verið um nokkurt skeið í kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir, að Kauplagnesnefnd setji nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

Um 50. gr.

Í þessari grein er að finna það nýmæli, að við útreikning verðbótavísitölu skuli tekið tillit til versnandi ytri aðstæðna í þjóðarbúskapnum, er leiðir af hækkun innflutningsverðs umfram hækkun útflutningsverðs. Hér er kveðið svo á um útreikning verðbótavísitölu, að rýrni viðskiptakjör þjóðarbúsins frá viðskiptakjarastigi ársins 1978, þannig að innflutningsverð hækki umfram útflutningsverð, skal draga frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Hlutfallstalan 30% er valin með tilliti til hlutfalls vöruinnflutnings af þjóðarframleiðslunni, að áli undanskildu. Við mat á viðskiptakjaraviðmiðun verð-

bóta frá 1. júní 1979 skal byggt á viðskiptakjaravísitölu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar fyrir fyrsta ársfjórðung 1979 að tveimur þriðju, en að einum þriðja á mati á viðskiptakjörum á grundvelli dagverðs á helstu útflutnings- og innflutningsvörum eftir miðjan apríl 1979. Hliðstæð tímaviðmiðun skal gilda fyrir síðari verðbótaútreikning á gildistíma laganna. Batni viðskiptakjörin, eiga þau með hliðstæðum hætti að verka til hækkunar verðbótavísitölu sbr. 2. mgr. 50. gr.

Til grundvallar ákvæðum þessarar greinar liggur sú skoðun, að eðlilegt sé að taka tillit til ytri skilyrða þjóðarbúsins vegna versnandi eða batnandi viðskiptakjara við útreikning verðbótavísitölu. Að visu gæti komið til álita, að viðskiptakjarabati eða útflutningsaukning ætti fremur að vera tilefni til annars hvors eða hvors tveggja, að fé safnaðist í jöfnunarsjóði, eða til grunnkaupsbreytingar, sem hvorki virðist gerlegt né æskilegt að binda í sjálfvirkt vísitölukerfi.

Gert er ráð fyrir, að Kauplagnesnefnd setji nánari reglur um tilhögun viðskiptakjaraviðmiðunar verðbótavísitölu. Drög að slíkum reglum voru samín á vegum svenefndrar vísitölunefndar og birt í skýrslu um störf hennar dags. 14. febrúar 1979. Væntanlega yrði á þessum drögum byggt, er Kauplagnesnefnd setur reglurnar endanlega.

Um 51. gr.

Í þessari grein er kveðið svo á, að Kauplagnesnefnd setji nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessa kafla.

IX. KAFLI

Um vinnumarkaðsmál.

Í þessum kafla er fjallað um vinnumarkaðsmál. Þar er kveðið á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins, þar sem samræmd verði upplýsingasöfnun og skýrslugerð um atvinnumál launafólks á landinu öllu. Ennfremur beiti vinnumálaskrifstofan sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina, veiti öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og geri tillögur um úrbætur á sviði atvinnumála. Loks er það nýmæli í þessum kafla, að atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með fyrirvara ráðgerðar breytingar í rekstri, er leiði til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri.

Um 52. gr.

Ákvæði þessarar greinar kveða á um stofnun sérstakrar vinnumálaskrifstofu innan félagsmálaráðuneytisins í því skyni annars vegar að auka og samræma það starf, sem nú fer fram á sviði atvinnumála, og koma því á fastari grundvöll, og hins vegar að beita sér fyrir nýjungum á þessu sviði eins og nánar er kveðið á um í 53. gr. Vinnumálaskrifstofan skal starfa í nánu sambandi við samtök launafólks og vinnuveitenda.

Um 53. gr.

Hér er fjallað um verkefni vinnumálaskrifstofunnar. Hún skal afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf við vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna. Jafnframt er kveðið á um, að atvinnumál öryrkja og unglunga verði skoðuð sérstaklega. Vinnumálaskrifstofan á jafnframt að taka við því verki, sem nú er unnið í félagsmálaráðuneytinu, að safna upplýsingum um skráð atvinnuleysi á landinu öllu og birta mánáðarlega yfirlit yfir þau mál. Ennfremur er kveðið svo á, að þessi upplýsingasöfnun verði bætt þannig að hún komist sem næst því að gefa mynd af raunverulegu ástandi á þessu sviði. Þá er skrifstofunni falið að kanna ástand og horfur í atvinnumálum ársfjórðungslega og birta niðurstöður sínar opinberlega hverju sinni.

Loks er vinnumálaskrifstofunni falið að fylgjast náið með þróun atvinnumála og gera tillögur um úrbætur í þeim efnun. Þannig er í þessari grein sumpart um

að ræða nánari útfærslu á starfi sem þegar hefur verið hafið, en einnig kveðið á um ýmis nýmæli á þessu sviði í því skyni að koma á samræmdri og bættri skipan atvinnumála.

Um 54. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem atvinnurekendum er gert skylt að tilkynna vinnumálaskrifstofunni og viðkomandi verkalýðsfélagi með tveggja mánaða fyrirvara fyrirhugaðan samdrátt eða aðrar þær varanlegar breytingar á rekstri, er leiða til uppsagnar 4 starfsmanna eða fleiri, þannig að úrræða megi leita í tæka tíð. Með þessu ákvæði er leitast við að tryggja betur en nú er unnt atvinnuöryggi launafólks, en svipuð ákvæði er til dæmis að finna í sænsku vinnumálalöggjöfinni.

Um 55. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að félagsmálaráðherra setji reglugerð, þar sem nánar yrði kveðið á um verkefni vinnumálaskrifstofunnar og starfsháttu.

X. KAFLI

Um verðlagsmál.

Í þessum kafla er fjallað um verðlagsmál, en þar eru gerðar tillögur um hvernig styrkja megi verðlagseftirlit og verðskyn neytenda, jafnframt því sem lagaákvæði eru sett um athuganir á innflutningsverðlagi. Þessar tillögur eru liður í undirbúningi að gildistöku laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þá er lagt til, að 8. og 12. gr. þeirra laga verði breytt, þannig að það verði meginregla, að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum. Auk þeirra tillagna í verðlagsmálum, sem gerðar eru í þessum kafla, hefur ríkisstjórnin í hyggju að taka ýmsa þætti verðlagsmála til gagngerrar endurskoðunar. Hér má m. a. nefna, að þegar á þessu þingi er ætlunin að flutt verði frv. til nýrra laga um skipan gjaldeyrismála og gjaldeyriseftirlit, þar sem m. a. verði hert á heimildum gjaldeyriseftirlits til skýrslutöku og rannsóknar og til stöðvunar á gjaldeyrisyfirfærslum. Ríkisstjórnin beitir sér einnig fyrir nýrri tilhögun afborganaviðskipta með hagsmuni neytenda í huga. Þá er og ætlunin, að sérstök athugun fari fram á oliuviðskiptum og váttryggingarmálum svo og á vöruflutningum í utanríkisviðskiptum, en athuganir þessar eiga einkum að heinast að því hvernig unnt sé að draga úr kostnaði og auka hagkvæmni í þessari starfsemi í því skyni að lækka vöruverð. Í framhaldi tillagna verðlagsstjóra í skýrslu hans um innflutningsmál mun einnig verða hafist handa um endurskoðun laga um verslunaratvinnu.

Um 56. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að til undirbúnings að gildistöku laganna nr. 56/1978 verði þegar í stað hafist handa um að styrkja raunhæft verðlagseftirlit og verðskyn neytenda. Lagt er til, að verðlagsskrifstofan rannsaki verð og álagningarhætti og birti almenningi niðurstöður sínar í formi greinargerða, fréttu og auglýsinga. Þá er lagt til, að hið almenna verðlagseftirlit verði styrkt með samvinnu við samtök neytenda og launafólks, eins og þegar er vísis að og góð reynsla hefur fengist af.

Um 57. gr.

Hér er lagt til í framhaldi af skýrslu verðlagsstjóra um innflutningsverslun, að gerðar verði reglulega athuganir á innflutningsvöruverði, m. a. með samanburði við innkaupsverð í öðrum löndum, og niðurstöður þeirra athugana verði birtar almenningi.

Um 58. gr.

Í 8. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti segir nú, að þegar samkeppnin sé nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun

og sanngjarnt verðlag, skuli verðlagning vera frjáls. Með þeirri breytingu, sem hér er lögð til, er það gert að meginreglu, að vöruverð sé háð verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum, en þó geti verðlagsráð, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilað að fella einstaka vörflokka undan verðlagsákvæðum. Samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar skulu þær samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra verðlagningu, sem í gildi eru, þegar verðlagslögin koma til framkvæmda 1. nóv. 1979, gilda áfram þar til verðlagsráð ákveður annað. Lokaákvæði greinarinnar er samhljóða lokaákvæðinu í nágildandi 8. gr.

Um 59. gr.

Með greininni er lagt til, að 2. mgr. 12. gr. verðlagslaganna falli niður, því þörf er á að taka tillit til fleiri sjónarmiða en þar er getið.

XI. KAFLI

Um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Í þessum kafla er fjallað um jöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þar er annars vegar kveðið á um, að verðákvæðanir stjórnar Verðjöfnunarsjóðs skuli einkum miðast við verðlagshorfur en ekki við afkomu einstakra greina sjávarútvegsins, nema í undantekningartilvikum. Hins vegar eru ákvæði um að greiðslur úr Afla-tryggingasjóði skuli ekki einungis miðast við að bæta almennan aflabrest heldur einnig þegar nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytja-fiskstofnum. Auk þess er ákvæði um heimild til þess að taka sérstakt tillit til langvarandi aflaleysis og sóknartakmarkana á einstökum svæðum vegna breytinga á fiskgengd og veiðisókn við landið.

Breytingar á lögum um Afla-tryggingasjóð snúa eingöngu að almennum reglum um bótarétt, en á vegum sjávarútvegsráðuneytisins er nú unnið að endurskoðun á starfsemi Afla-tryggingasjóðs í heild og þar með á tekjuöflun sjóðsins, sem ef til vill ætti að vera breytileg eftir aflabrogðum innan vissra marka. Reglur um bóta-
rétt verða og endurskoðaðar almennt.

Um 60. gr.

Samkvæmt gildandi ákvæðum í 9. gr. laganna um Verðjöfnunarsjóð frá 1969 eru tvö meginstjórnarmið, sem ráða ákvörðun um verðlagsgrundvöll þann, sem miða skal við hækkun eða lækkun útflutningsverðlags. Annars vegar er gert ráð fyrir að miða við verðlag næstliðinna þriggja ára á erlendum mörkuðum, en hins vegar er einnig heimilt að taka mið af afkomu framleiðslunnar. Þessi tvö stjórnarmið geta verið ósamrýmanleg og hafa raunar oft verið það á undanförunum árum og hafa stjórnvöld og þá einnig stjórn sjóðsins í mörgum tilvikum látið hið síðara stjórnarmið ríkja. Þótt með því hafi verið leystur tímabundinn vandi fiskvinnslunnar, hefur það tvímælaust dregið úr þeim áhrifum til sveiflujöfnunar, sem var megin-tilgangur stofnunar sjóðsins. Í þessari grein er gerð sú meginbreyting, að einkum skuli höfð hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára, en ekki horft beinlínis til afkomu fiskvinnslunnar, þótt sjóðsstjórn sé einnig falið að líta til afkomu viðkomandi sjávarútvegsgreina eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun. Með því að rjúfa það samband, sem verið hefur milli fiskverðsákvörðunar og verðjöfnunarákvörðunar, gæti sjóðnum verið skapað nauðsynlegt svigrúm til sveiflujöfnunar. Með hliðsjón af þessu er einnig lagt til, að ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs um verðgrundvöll liggja fyrir áður en Verðlagsráð sjávarútvegsins fjallar um fiskverð.

Um 61. gr.

Í þessari grein felst það nýmæli, að Afla-tryggingasjóður skuli bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar brýna nauðsyn beri til að draga úr sókn til verndar mikil-

vægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum. Kemur þessi kvöð til viðbótar hinni hefðbundnu kvöð sjóðsins að bæta aflahluti, þegar almennan aflabrest ber að höndum. Með þessu nýja ákvæði er þannig í reynd aukið svigrúm stjórnvalda til aðgerða í fiskveiðimálum, sem brýn þörf er á um þessar mundir.

Um 62. gr.

Hér er kveðið á um heimild Aflatryggingasjóðs til að taka sérstakt tillit til sóknartakmarkana í verndarskyni og langvarandi staðbundins aflaleysis, er stafar af breytingum á fiskgengd og sókn, þannig að aflabætur miðast við meðalafla á svæðinu, þegar ástand fiskstofna er með eðlilegum hætti. Með þessu móti er reynt að mæta staðbundnum og tímabundnum vandamálum í sjávarútvegi með ákveðnari hætti en unnt hefur verið.

Um 63. gr.

Í greininni er mælt fyrir um gagngera endurskoðun laga um Aflatryggingasjóð á þessu ári, og í hverju endurskoðunin skuli m. a. felast. Greinin geymir einnig það nýmæli að beita megi Aflatryggingasjóði til að beina sókn frá ofnýttum til vannýtttra fiskstofna bæði með styrkjum og álögum, mismunandi eftir fisktegundum.

XII. KAFLI

Reglugerðarheimild, gildistaka o. fl.

Um 64., 65. og 66. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

SKRÁ YFIR FRAMLÖG OG MARKAÐA TEKJUSTOFNA, SEM VÍSAÐ ER TIL Í 8. GREIN FRUMVARPSINS.

Helstu fjárframlög, sem verið hafa bundin og hér um ræðir eru:

- Jarðasjóður 2. mgr. 33. gr. jarðalaga nr. 65/1976.
- Stofnlánadeild landbúnaðarins 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 68/1973.
- Fiskveiðasjóður Íslands c og d liður 3. gr. laga nr. 44/1976 um Fiskveiðasjóð Íslands.
- Byggingarsjóður verkamanna 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. 5. gr. laga nr. 72/1972.
- Lánasjóður sveitarfélaga b-liður 5. gr. laga nr. 35/1966 um Lánasjóð sveitarfélaga sbr. b-lið 1. gr. laga nr. 99/1974.
- Bjargráðasjóður c-liður 5. gr. laga nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð sbr. lög nr. 110/1976.
- Jarðræktarframlög 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972.
- Atvinnuleysistryggingasjóður c-liður 1. gr. laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar, sbr. 12. gr. sömu laga.
- Hafnabótasjóður 21. gr. hafnalaga nr. 45/1973 sbr. 2. gr. laga nr. 83/1976.
- Iðnrekstrarsjóður 5. gr. laga nr. 61/1973 um Iðnrekstrarsjóð.
- Byggingarsjóður ríkisins b-liður 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.
- Byggðasjóður 27. gr. laga nr. 97/1976 um Framkvæmdastofnun ríkisins.
- Til framræslu 10. gr. jarðræktarlaga nr. 79/1972, sbr. 12. gr. sömu laga.

Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 2. og 3. mgr. 12. gr. laga nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.

Búfjárrækt. Búfjárræktarlög nr. 31/1973 ýmis ákvæði sbr. og 1. gr. laga nr. 46/1976.

Kirkjubyggingarsjóður 2. gr. laga nr. 43/1954 um Kirkjubyggingarsjóð sbr. lög nr. 26/1962.

Kirkjugarðssjóður 27. gr. laga nr. 21/1963 um kirkjugarða.

Eftirlaun aldraðra í stéttarfélögum 1. gr. laga nr. 63/1971 um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögunum.

Ferðamálasjóður 25. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála.

Iðnlánasjóður 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð, sbr. lög nr. 50/1973.

Styrktarsjóður vangefinna lög nr. 97/1971, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 108/1978. Ath. binding fjárframlags gildir einungis fyrir árið 1979.

Tekjur hinna ýmsu rannsóknarstofnana sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Til framkvæmdar skipulagsmála sbr. 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 sbr. lög nr. 42/1974.

Meðal tekjustofna sem ráðstafað er til sérstakra þarfa má nefna eftirtalin gjöld:

Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga og einstaklinga skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.

Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga og einstaklinga skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.

Byggingarsjóðsgjald af innflutningi skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Gjaldið rennur í Byggingarsjóð ríkisins.

Launaskattur til Byggingarsjóðs ríkisins skv. 1. gr. laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum og a-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Miðagjald til Menningarsjóðs skv. 3. gr. laga nr. 50/1957 um Menningarsjóð og Menntamálaráð, sbr. 8. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt, sbr. og 5. flokkur 2. gr. sömu laga.

Skemmtanaskattur til Sinfóníuhljómsveitar skv. 7. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt.

Skemmtanaskattur til Félagsheimilassjóðs skv. 6. gr. laga nr. 58/1970 um skemmtanaskatt.

Hluti af ágóða ÁTVR til Gæsluvistarsjóðs skv. 17. gr. laga nr. 39/1974 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum sbr. 2.—4. gr. laga nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Gjaldið skiptist milli allmargra aðila sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 5/1976. (Hér er eingöngu átt við þann hluta gjaldsins sem rennur til opinberra stofnana og sjóða, en ekki það fé sem rennur til greiðslu útgerðarkostnaðar eða fæðiskostnaðar áhafna.)

Gúmmígjald sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar. Tekjum af gjaldinu skal varið til vegagerðar skv. vegaáætlun.

Bensíngjald sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar sbr. 1. gr. laga nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.

Þungaskattur sbr. 5.—7. gr. laga nr. 79/1974 um fjáröflun til vegagerðar og 3. gr. s. 1., sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum.

Erfðafjárskattur 1. gr. laga nr. 30/1921 um erfðafjárskatt sbr. lög nr. 50/1972. Skatturinn rennur í Erfðafjárjóð.

Einkaleyfisgjald af Happprætti Háskóla Íslands skv. 1. gr. laga nr. 13/1973 um Happprætti Háskóla Íslands og 60. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Byggingariðnaðarsjóðsgjald skv. 53. gr. laga nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. (Bindingin er ekki algjör).

Sérleyfisgjald skv. 6. gr. laga nr. 83/1966 um skipulag fólksflutninga með bifreiðum.

Iðnlánasjóðsgjald sbr. 5. gr. laga nr. 68/1967 um Iðnlánasjóð.

Iðnaðarmálagjald sbr. lög nr. 48/1975 um iðnaðarmálagjald.

Flugvallargjald sbr. lög nr. 8/1976 um flugvallargjald og lög nr. 110/1978 um breyting á þeim lögum (gjaldið er markað frá og með 1. janúar 1980).

Gjald af söluverðmæti Frihafnarinnar á Keflavíkurflugvelli til Ferðamálaráðs sbr. 8. gr. laga nr. 60/1976 um skipulag ferðamála.

Jöfnunargjald sbr. 3. gr. laga nr. 83/1978 um jöfnunargjald og 9. gr. laga nr. 41/1978 um Iðntæknistofnun Íslands (Kveðið á um ráðstöfun hluta gjaldsins til tiltekinnar verkefna en ekki fastmótað hversu hár sá hluti skuli vera).

Gjald af tekjum vatnsaflsstöðva til Fiskræktarsjóðs sbr. 91.—93. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Gjald af skírum veiðitekjum er innheimtist af veiðifélögum til Fiskræktarsjóðs sbr. 91.—93. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði.

Vörugjald af vörum sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnar-svæða skv. 13. gr. hafnalaga nr. 45/1973, sbr. lög nr. 83/1976.

Gjald af brúttusöluverði tóbaks 7. gr. laga nr. 63/1969 um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, sbr. lög nr. 59/1971.

Vitagjald sbr. lög nr. 61/1972 um vitagjald.

Skipulagsgjald sbr. 35. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974 um breyting á þeim lögum.

Sildarsölugjald sbr. 2. gr. laga nr. 62/1962 um Sildarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar sildar.

Fullvinnslugjald af söltuðum grásleppuhrognum sbr. lög nr. 48/1972 um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, sbr. 3. gr. laga nr. 25/1978 um breyting á þeim lögum.

Lyfsölusjóðsgjald sbr. 42. gr. Lyfjalaga nr. 49/1978.

Búnaðarmálasjóðsgjald sbr. lög nr. 38/1945 um stofnun Búnaðarmálasjóðs sbr. lög nr. 34/1948.

Gjald til Stofnlánadeildar landbúnaðarins sbr. lög nr. 45/1971 sbr. 4. gr. laga nr. 68/1973.

Auk framangreindra gjalda eru ýmsir markaðir gjaldastofnar þess eðlis að hugsanlegt er að líta á þá sem endurgjald fyrir þjónustu. Má þar nefna: fóðureftirlitsgjald, öryggiseftirlitsgjald, rafmagnseftirlitsgjald, rafstöðvagjald, sérlyfjagjald til Lyfjaeftirlits. Mörkin milli þeirra gjalda sem hér eru talin og hinna sem eru í hinni almennu upptalningu á mörkuðum gjöldum hljóta þó alltaf að verða mjög óskýr.